# Efnisyfirlit

**Ársskýrsla LSR og LH:**
Ávarp stjórnarformanns LSR .......... 2
Ávarp stjórnarformanns LH .......... 3
Stjórnir og starfsmenn .......... 4
Iðgjöld .......... 7
Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur .......... 9
Fjárfestingarstefna .......... 16
Fjárfestingar .......... 17
Verðbréfaeign .......... 18
Ávöxtun .......... 19
Innra eftirlit .......... 23
Heimasíða .......... 23
Sjóðfélagalán og lánareglur .......... 24
Séreignardeild LSR .......... 26
Tryggingafræðileg úttekt á LSR & LH .......... 28
Uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum .......... 35

**Samstæðuyfirlit LSR & LH 2000:**
Yfirlit um breytingar á hreinni eign
til greiðslu lífeyris .......... 38
Efnahagsreikningur .......... 40
Sjóðstreymi .......... 42

**Ársreikningur LSR 2000:**
Skýrsla stjórnar .......... 46
Áritun endurskoðenda .......... 49
Yfirlit um breytingar á hreinni eign
til greiðslu lífeyris .......... 50
Efnahagsreikningur .......... 52
Sjóðstreymi .......... 54
Skýringar .......... 57
Kennitölur LSR .......... 70
Kennitölur A-deildar .......... 71
Kennitölur B-deildar .......... 72
Kennitölur alþingismannadeildar .......... 73
Kennitölur ráðherradeildar .......... 73
Kennitölur S-deildar .......... 74

**Ársreikningur LH 2000:**
Skýrsla stjórnar .......... 76
Áritun endurskoðenda .......... 78
Yfirlit um breytingar á hreinni eign
til greiðslu lífeyris .......... 79
Efnahagsreikningur .......... 80
Sjóðstreymi .......... 81
Skýringar .......... 82
Kennitölur .......... 90

**Consolidated statement for LSR & LH 2000:**
Statement of changes in net assets
available for benefits .......... 92
Balance sheet .......... 93
Statement of cash flows .......... 94
Financial indicators - LSR .......... 95
Financial indicators - LH .......... 96

# Ávarp stjórnarformanns LSR

Í ársbyrjun 1997 tóku gildi ný lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Sjóðnum var þá skipt í A- og B-deild. Þeir sem kusu að vera áfram í eldra réttindakerfi eru nú í B-deild sjóðsins. Nýir sjóðfélagar og þeir sem fyrir voru og ákváðu að færa sig úr gamla réttindakerfinu í það nýja eru í A-deild. Í ársbyrjun 1999 tók séreignardeild sjóðsins til starfa. Auk þessara deilda eru starfandi hjá sjóðnum alþingismannadeild og ráðherradeild. Hver deild um sig er fjárhagslega sjálfstæð og mismunandi reglur gilda um hverja þeirra. Saman mynda þær hins vegar sterka heild sem stendur traustan vörð um lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Mikil umræða og nokkur átök urðu við undirbúning þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um sjóðinn og tóku gildi 1997. Reynslan hefur sýnt að sú leið sem farin var hefur reynst sjóðfélögum afar hagkvæm. Réttindareglur hjá B-deild hafa verið sjóðfélögum hagkvæmar í þeim breytingum sem orðið hafa á dagvinnulaunum samkvæmt kjarasamningum á undanförnum árum. A-deildin hefur einnig farið vel af stað með öflugt tryggingar- og réttindakerfi fyrir sjóðfélaga.

Lífeyrisþegar hjá B-deild sjóðsins geta valið milli tveggja reglna, eftirmannsreglu og meðaltalsreglu. Velji þeir eftirmannsreglu fylgja lífeyrisgreiðslur breytingum sem verða á launum fyrir það starf sem hver og einn gegndi. Samkvæmt meðaltalsreglu taka lífeyrisgreiðslur hins vegar breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Frá ársbyrjun 1997 til mars 2001 hafa lífeyrisgreiðslur sem taka breytingum eftir meðaltalsreglunni hækkað um 58,8%. Lífeyrisgreiðslur sem taka breytingum miðað við eftirmann í starfi hafa að meðaltali hækkað jafn mikið.

Árið 2000 var fjórða starfsár A-deildarinnar. Þrátt fyrir stuttan starfstíma er hún þegar orðin öflugur lífeyrissjóður með miklar eignir, sterka stöðu og traust réttindakerfi fyrir sjóðfélaga. Samkvæmt lögum um A-deild er iðgjald launagreiðenda til deildarinnar breytilegt og ræðst af stöðu sjóðsins á hverjum tíma. Iðgjald sjóðfélaga er 4% af heildarlaunum og iðgjald launagreiðenda hefur frá stofnun deildarinnar verið 11,5% af sömu launum. Niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu sjóðsins sýna að ekki er ástæða til að breyta iðgjaldahlutfalli launagreiðenda að svo stöddu.

Á undanförnum árum hafa nokkrir launagreiðendur gert upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild. Með uppgreiðslu losna þeir undan öllum skuldbindingum vegna þeirra starfsmanna og þess tíma sem uppgjörið nær til. Þá hefur ríkissjóður á síðustu tveimur árum greitt verulegar fjárhæðir inn á framtíðarskuldbindingar sínar við lífeyrissjóðinn. Markmið með þessum greiðslum er að styrkja fjárhagsstöðu B-deildar þannig að sjóðurinn geti betur staðið við skuldbindingar sínar og að minnka sveiflur í útgreiðslum ríkisins vegna ábyrgðar á sjóðnum.

Á árinu 2000 voru gerðar breytingar á samþykktum LSR í kjölfar breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Eftir breytinguna er lífeyrissjóðum heimilt að ávaxta allt að 50% af eignum sínum í innlendum og erlendum hlutabréfum. Stjórn LSR hefur þó farið varlega í að breyta eignasamsetningu sjóðsins og eru innlend og erlend hlutabréf nú 22,1% af samanlögðum eignum A- og B-deildar hans.

Vegið meðaltal nafnávöxtunar hjá öllum deildum LSR var 5,9% á árinu 2000, sem svarar til 1,6% raunávöxtunar. Þetta er mun minni ávöxtun en verið hefur hjá sjóðnum á undanförnum árum og skýrist hún af miklum lækkunum á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Hjá séreignardeild sjóðsins var raunávöxtun neikvæð um 15,1% á liðnu ári. Lægri ávöxtun séreignardeildar en annarra deilda sjóðsins skýrist að hluta til á annarri uppgjörsaðferð, þar sem skuldabréfasafn séreignardeildar er gert upp á markaðsvirði. Slök ávöxtun séreignardeildar á árinu 2000 er stjórnendum lífeyrissjóðsins engu að síður áhyggjuefni og hefur fjárfestingarstefna hennar verið tekin til endurskoðunar. Rétt er þó að geta þess að ávöxtun séreignardeildar var mjög mikil á árinu 1999, eða 17,6% raunávöxtun, þannig að sama fjárfestingarstefna skilaði eigendum miklum hækkunum á því ári. Hins vegar sýnir þetta hve fallvaltur fjárfestingarheimurinn er og hve mikilvægt er að lífeyrissjóðirnir sýni varkárni og forðist áhættusamar fjárfestingar eftir því sem kostur er.

Í árslok 2000 voru samanlagðar eignir allra íslenskra lífeyrissjóða u.þ.b. 570 milljarðar kr. Árlegt ráðstöfunarfé þeirra til verðbréfakaupa er nú milli 120 og 130 milljarðar kr. Hér er um mikla fjármuni að ræða. Nauðsynlegt er að þeir séu ávaxtaðir með tryggum og hagkvæmum hætti svo sjóðirnir geti greitt sjóðfélögum sínum góðan lífeyri. Reynslan hefur sýnt að lánveitingar til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis og til annarra samfélagslega mikilvægra mála er traustur og góður fjárfestingarkostur sem lífeyrissjóðirnir eiga í ríkum mæli að horfa til.

Lífeyrissjóðirnir eiga að tryggja fólki lífeyri á fullorðinsaldri. Til þess voru þeir skapaðir. Jafnframt er ljóst að miklir fjármunir lífeyrissjóðanna leggja stjórnendum þeirra miklar skyldur á herðar. Þeim ber að sýna ábyrgð í fjárfestingum og að þeir hugi á allan hátt að samfélagslegu hlutverki sínu.

Fyrir hönd stjórnar LSR þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum samstarfið á árinu.

# Ávarp stjórnarformanns LH

Með lagabreytingu sem tók gildi í ársbyrjun 1997 var Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Nýráðnir hjúkrunarfræðingar greiða nú til A-deildar LSR. Þó svo að lokað hafi verið fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga hjá LH, starfar sjóðurinn áfram og tekur við iðgjöldum frá þeim sem það kusu við framangreinda lagabreytingu.

Mikið samstarf hefur því alla tíð verið með LH og LSR. Sjóðirnir eru með sameiginlega skrifstofu að Bankastræti 7 og starfsmannahald er sameiginlegt. Samstarf er um fjárfestingar fyrir lífeyrissjóðina og sameiginlegir fjárvörslusamningar hafa verið gerðir við innlenda og erlenda fjárvörsluaðila. Samstarf þetta hefur verið heppilegt fyrir báða sjóðina.

Ársskýrsla fyrir árið 2000 er gefin út sameiginlega fyrir LH og LSR. Hjúkrunarfræðingar eru ýmist í LH eða A-deild LSR. Launagreiðendur eru í mörgum tilfellum þeir sömu. Það er því heppilegt fyrir þá sem vilja kynna sér starfsemi lífeyrissjóða fyrir hjúkrunarfræðinga að hafa skýrsluna sameiginlega. Rétt er þó að undirstrika að hér er um tvo fjárhagslega og stjórnunarlega aðskilda sjóði að ræða.

Í árslok 2000 var hrein eign LH samkvæmt efnahagsreikningi til greiðslu lífeyris 7,5 milljarðar kr. sem er 18,8% aukning frá fyrra ári. Lögbundin iðgjöld til sjóðsins ásamt endurgreiðslum launagreiðenda á lífeyrishækkunum námu 401 milljón kr. Að auki greiddi ríkissjóður og einstakar ríkisstofnanir 878 milljónir kr. til LH inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn.

Á árinu 1999 hóf ríkissjóður að greiða inn á skuldbindingar sínar við lífeyrissjóðinn umtalsverðar fjárhæðir umfram lagaskyldu. Þessum innborgunum var haldið áfram á árinu 2000. Markmið með þessum greiðslum er að styrkja fjárhagsstöðu LH svo hann geti betur staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni og að jafna greiðslustreymi ríkissjóðs til sjóðsins.

Á árinu 2000 fékk 431 lífeyrisþegi greiðslur úr sjóðnum. Lífeyrisþegum fjölgaði um 3,1% á árinu og lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 17,2%.

Nafnávöxtun LH á árinu 2000 var 5,0% sem svarar til 0,8% raunávöxtunar. Þetta er verulega lægri ávöxtun en á undanförnum árum og skýrist hún af mikilli lækkun á gengi innlendra og erlendra hlutabréfa.

Samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða mega 50% af eigum þeirra vera í innlendum og erlendum hlutabréfum. Á undanförnum árum hefur LH unnið að því að breyta eignasamsetningu sjóðsins þannig að hlutabréf verði stærri hluti af verðbréfasafni sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur þó af varfærnisástæðum ekki farið of hratt í þessar breytingar. Í árslok voru þannig samtals 25,3% af eigum sjóðsins í innlendum og erlendum hlutabréfum. Með vaxandi hlutfalli hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins má búast við meiri sveiflum í ávöxtun. Fjárfestingarstefna sjóðsins er hins vegar mótuð með langtímahagsmuni að leiðarljósi.

Fyrir hönd stjórnar LH þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum ánægjuleg samskipti á árinu.



# Stjórnir og starfsmenn

## Stjórn LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í fimm deildum, A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og séreignardeild. Deildirnar eru með sömu stjórn, en eru fjárhagslega sjálfstæðar.

Stjórn LSR er skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 22 sinnum saman til fundar á liðnu ári og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 688 stjórnarfundir. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn sjóðsins. Á árinu 2000 var Maríanna Jónasdóttir formaður stjórnar sjóðsins, en í ársbyrjun 2001 tók Ögmundur Jónasson við formennskunni.



Stjórn LSR.

| | |
|---|---|
| Standandi frá vinstri: | Páll Halldórsson, Maríanna Jónasdóttir, Birna Lárusdóttir, Sigrún V. Ásgeirsdóttir, og Trausti Hermannsson. |
| Sitjandi frá vinstri: | Eiríkur Jónsson, Ögmundur Jónasson stjórnarformaður og Gunnar Björnsson. |

## Stjórn LH

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er skipuð fjórum mönnum. Fjármálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Alls kom stjórnin 11 sinnum saman til fundar á liðnu ári og frá stofnun sjóðsins hefur verið haldinn 191 stjórnarfundur. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn sjóðsins. Á árinu 2000 var Ásta Möller formaður stjórnar sjóðsins, en í ársbyrjun 2001 tók Maríanna Jónasdóttir við formennskunni.



Stjórn LH ásamt framkvæmdastjóra, forstöðumanni eignastýringar og skrifstofu- og fjármálastjóra.

| | |
|---|---|
| Standandi frá vinstri: | Jóhannes Pálmason, Garðar Jón Bjarnason forstöðumaður eignastýringar, Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri og Þorkell R. Sigurgeirsson skrifstofu- og fjármálastjóri. |
| Sitjandi frá vinstri: | Herdís Sveinsdóttir, Maríanna Jónasdóttir stjórnarformaður og Ásta Möller. |

## Starfsmenn

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 er sameiginlegt rekstrarfélag LSR og LH og voru starfsmenn þess 27 talsins í árslok 2000. Stöðugildi hjá sjóðunum voru 27 á síðasta ári og fjölgaði um tæplega þrjú milli ára.

Starfsemi Lífeyrissjóða Bankastræti 7 má skipta í 6 meginþætti; iðgjaldadeild, lífeyrisdeild ásamt framkvæmd eftirmannsreglu, lánadeild, fjárreiðudeild, fjárvörslu og yfirstjórn.



Starfsmenn sjóðsins voru 29 talsins í apríl 2001.

| **Efsta röð frá vinstri** | **Starfssvið, deild** |
|---|---|
| Kristín M. Kristjánsdóttir | gjaldkeri, iðgjaldadeild |
| Sigrún Bragadóttir | viðskiptafræðingur, fjárreiðudeild |
| Barði Þórhallsson | ýmis lögfræðistörf, lánadeild |
| Þorkell R. Sigurgeirsson | skrifstofu- og fjármálastjóri |
| G. Vigdís Guðnadóttir | innheimta og uppboðsmál, lánadeild |
| Anna Sk. Gunnarsdóttir | bókari, fjárreiðudeild |
| Svanhvít Þráinsdóttir | deildarstjóri, iðgjaldadeild |
| Erna Guðmundsdóttir | útlán og afgreiðsla, lánadeild |
| **Miðröð frá vinstri** | |
| Regína Betty Hansdóttir | skráning iðgjalda, iðgjaldadeild |
| Ásta Karlsdóttir | aðalfulltrúi, lánadeild |
| Esther Sigurðardóttir | ýmis mál og ritari framkvæmdarstjóra, lífeyrisdeild |
| Arnfríður Einarsdóttir | aðalfulltrúi, iðgjaldadeild |
| Erla Hannesdóttir | skiptiborð |
| Þórunn Berndsen | mötuneyti |
| Ólöf Sigurjónsdóttir | gjaldkeri, fjárreiðudeild |
| Kristín Nielsen | aðalfulltrúi, lífeyrisdeild |
| Anna G. Jóhannsdóttir | aðalfulltrúi, framkv. eftirmannsreglu |

| **Sitjandi frá vinstri** | **Starfssvið, deild** |
|---|---|
| Páll Ólafsson | deildarstjóri, framkv. eftirmannsreglu |
| Gísli Sigurkarlsson | ýmis lögfræðistörf, deildarstjóri séreignardeildar og vefstjóri, lánadeild |
| Málfríður Ögmundsdóttir | aðalfulltrúi, lánadeild |
| Haukur Hafsteinsson | framkvæmdastjóri |
| Helga Guðmundsdóttir | deildarstjóri, lífeyrisdeild |
| Þorbjörg Guðnadóttir | deildarstjóri, lánadeild |
| Garðar Jón Bjarnason | forstöðumaður eignastýringar |
| **Á myndina vantar** | |
| Hólmfríði Pálsdóttur | ræsting |
| Leif Magnússon | tölvu- og hugbúnaðarmál |
| Ragnhildi Eiríksdóttur | endurskoðun réttinda, iðgjaldadeild |
| Theodóru Sveinsdóttur | skráning iðgjalda, iðgjaldadeild |
| Þóreyju Þórðardóttur | forstöðumaður réttindamála |

# Iðgjöld

Á árinu 2000 voru iðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningum til allra deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga 6.630 mkr. og hækkuðu þau um 13% frá síðasta ári. Þessi hækkun er fyrst og fremst vegna fjölgunar sjóðfélaga sem greiða til A-deildar LSR, þar sem greitt er hlutfallslega hærra iðgjald en til B-deildar LSR auk þess sem greitt er af hærri iðgjaldastofni. Rúmlega 63% af iðgjaldagreiðslum ársins fóru til A-deildar LSR en iðgjöld hennar hækkuðu um 20% milli ára. Iðgjald til séreignardeildar LSR hækkaði hlutfallslega mest milli ára, eða um 42%, sem má rekja til fjölgunar sjóðfélaga og hækkun iðgjalds úr 2% í 4%. Iðgjöld til B-deildar LSR og LH lækkuðu aftur á móti um 1% milli ára. Iðgjöld á hvern virkan sjóðfélaga hækkuðu hjá samtryggingarsjóðunum sem skýrist af þeim launahækkunum sem áttu sér stað á árinu. Skipting iðgjalda eftir deildum LSR og hjá LH má sjá í eftirfarandi töflu, skífu- og súluriti.

| **IÐGJÖLD** | **2000 mkr.** | **1999 mkr.** | **Breyting** |
|---|---|---|---|
| A-deild LSR ............... | 4.190,6 | 3.502,1 | 19,7% |
| B-deild LSR ............... | 1.947,1 | 1.972,4 | -1,3% |
| Lífsj. alþingismanna .. | 23,7 | 23,9 | -0,7% |
| Lífsj. ráðherra ........... | 3,6 | 3,0 | 18,9% |
| Séreignardeild LSR .... | 270,2 | 190,8 | 41,6% |
| Lífsj. hjúkr.fræðinga .. | 194,7 | 197,2 | -1,2% |
| **Samtals** ...................... | **6.630,0** | **5.889,4** | **12,6%** |









Bankastræti 7

Iðgjald til B-deildar LSR, alþingismannadeildar, ráðherradeildar og LH er 10% af dagvinnulaunum, vaktaálagi, desemberuppbót og orlofsuppbót. Hjá A-deild LSR er iðgjald aftur á móti 15,5% af heildarlaunum. Sjóðfélaginn borgar í öllum tilfellum 4% iðgjald af þeim launum sem skylt er að greiða af. Iðgjald til séreignardeildar LSR er háð ákvörðun sjóðfélagans en mótframlag launagreiðanda getur numið allt að 1,4% af iðgjaldastofni. Nánar er fjallað um séreignardeildina aftar í skýrslunni.

Fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu var 33.558 ef allir sjóðirnir eru lagðir saman og fjölgaði þeim um rúm 4% milli ára. Þróun á fjölda greiðandi sjóðfélaga er afar ólík eftir deildum, sem skýrist af því að B-deild LSR og LH hafa verið lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum síðastliðin 4 ár. A-deild LSR tekur við öllum nýjum sjóðfélögum sem hefðu annars greitt í þá sjóði. Gera má ráð fyrir að flestir sjóðfélagar í séreignardeild LSR greiði einnig í aðra sjóði LSR eða LH auk þess sem þeim er í ákveðnum tilvikum heimilt að greiða af aukastörfum til A-deildar LSR. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. þeir sjóðfélagar sem greiddu að meðaltali iðgjald til sjóðanna í hverjum mánuði, var 28.834 á árinu og fjölgaði milli ára um 8% samtals í öllum sjóðum. Þar af var fjölgun virkra sjóðfélaga hlutfallslega mest hjá séreignardeildinni, eða 73%. Í töflunni hér að neðan má sjá greiðandi og virka sjóðfélaga á árunum 2000 og 1999 ásamt fjölda þeirra sem átti réttindi hjá sjóðunum í árslok 2000.

| **SJÓÐFÉLAGAR** | **Greiðandi sjóðfélagar** | | | **Meðalfj. virkra sjóðfélaga** | | | **Með réttindi** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2000** | **1999** | **Breyting** | **2000** | **1999** | **Breyting** | **31.12.2000** |
| A-deild LSR | 17.328 | 15.557 | 11,4% | 13.271 | 11.722 | 13,2% | 22.332 |
| B-deild LSR | 11.227 | 12.255 | -8,4% | 10.652 | 11.598 | -8,2% | 40.882 |
| Lífssjóður alþingismanna | 86 | 98 | -12,2% | 65 | 72 | -9,7% | 488 |
| Lífssjóður ráðherra | 12 | 15 | -20,0% | 12 | 12 | 0,0% | 60 |
| Séreignardeild LSR | 3.884 | 3.137 | 23,8% | 3.876 | 2.240 | 73,0% | 3.960 |
| Lífsj. hjúkrunarfræðinga | 1.021 | 1.094 | -6,7% | 958 | 1.007 | -4,9% | 3.108 |
| **Samtals** | **33.558** | **32.156** | **4,4%** | **28.834** | **26.651** | **8,2%** | **70.830** |

Meðalaldur sjóðfélaga er mjög ólíkur milli sjóða. Í árslok 2000 var meðalaldur þeirra sem greiddu iðgjöld í desember 2000 til B-deildar LSR 53 ár og voru 59% þeirra konur en 41% karlar. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í A-deild LSR var hins vegar 38 ár og voru 71% þeirra konur en 29% karlar. Þetta má sjá nánar í töflunni hér til hliðar.

**GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGAR Í DESEMBER 2000**

| | **Karlar** | **Konur** | **Meðal-aldur** |
|---|---|---|---|
| A-deild LSR | 29% | 71% | 38 |
| B-deild LSR | 41% | 69% | 53 |
| Lífsj. alþingismanna | 63% | 38% | 52 |
| Lífsj. ráðherra | 67% | 33% | 51 |
| Séreignardeild LSR | 37% | 63% | 50 |
| Lífsj. hjúkr.fræðinga | 1% | 99% | 50 |

## Viðbótariðgjöld

Til viðbótar við lögbundin iðgjöld til sjóðanna hafa ýmsir launagreiðendur greitt viðbótariðgjöld sem innborgun upp í skuldbindingar sínar við B-deild LSR, lífeyrissjóði alþingismanna, ráðherra og hjúkrunarfræðinga. Ríkissjóður hélt áfram að greiða aukaiðgjöld inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH á árinu. Nokkrir launagreiðendur gerðu jafnframt upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR. Nánar er fjallað um þessi atriði í köflum um uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum og tryggingafræðilega úttekt á sjóðunum.

# Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Alls fengu 8.905 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslur frá LSR og LH á árinu 2000. Heildarfjárhæð greidds lífeyris nam 6.759 mkr., þar af voru greiðslur úr B-deild LSR 6.115 mkr.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heild um 4,3% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 13,5%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna hækkar hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega. Þetta stafar fyrst og fremst af launahækkunum en launavísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 8,4% á árinu.

| **LSR OG LH** | **Fjöldi lífeyrisþega** | | | **Lífeyrisgreiðslur í mkr.** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2000** | **1999** | **Breyt.** | **2000** | **1999** | **Breyt.** |
| A-deild LSR | 54 | 14 | 285,7% | 11 | 2 | 584,2% |
| B-deild LSR | 8.210 | 7.893 | 4,0% | 6.115 | 5.411 | 13,0% |
| Lífeyrissjóður alþingismanna | 183 | 184 | -0,5% | 180 | 156 | 15,8% |
| Lífeyrissjóður ráðherra | 27 | 25 | 8,0% | 26 | 23 | 14,8% |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 431 | 418 | 3,1% | 426 | 364 | 17,2% |
| **Samtals** | **8.905** | **8.534** | **4,3%** | **6.759** | **5.955** | **13,5%** |

Í B-deild LSR og LH miðast réttindi sjóðfélaga við þann tíma sem viðkomandi hefur greitt í sjóðinn, ásamt starfshlutfalli. Lífeyrir viðkomandi reiknast svo sem hlutfall af launum við starfslok eða eftir atvikum af launum vegna 10 ára í hærra launuðu starfi. Eftir það taka lífeyrisgreiðslur mið af dagvinnulaunum eftirmanns í starfi eða breytingum sem verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Hækkanir á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna koma því beint fram í lífeyrisréttindum sjóðfélaga, hvort sem um er að ræða greiðslur til núverandi lífeyrisþega eða réttindi annarra sjóðfélaga sem eiga eftir að hefja töku lífeyris. Sú vísitala sem mælir hækkanir á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hefur hækkað um 59% frá janúar 1997 til og með mars 2001. Hér að neðan má sjá samanburð vísitölunnar við almenna launavísitölu allra á vinnumarkaði og neysluverðsvísitölu.




A-deild LSR er stigasjóður, þar sem sjóðfélagar fá réttindi í hlutfalli við þau iðgjöld sem greidd eru vegna þeirra til sjóðsins á hverju ári, og er því frábrugðinn öðrum sjóðum LSR og LH. Réttindin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Við stofnun sjóðsins var reiknað að lögbundið iðgjald til hans þyrfti að vera 15,5% af heildarlaunum til að standa undir veittum lífeyrisréttindum. Iðgjaldaprósentan hefur haldist óbreytt frá stofnun sjóðsins.

## A-deild LSR

A-deild LSR tók til starfa í ársbyrjun 1997 og hófust lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum á árinu 1999. Á árinu 2000 voru lífeyrisþegar 54 og lífeyrisgreiðslur ársins námu 11,4 mkr. Eðlilega er um lága fjárhæð að ræða þar sem sjóðurinn hefur starfað í skamman tíma.

Hjá lífeyrissjóðum sem hafa tekið við iðgjöldum í skamman tíma er jafnan meira um greiðslur vegna örorkulífeyris en ellilífeyris. Við útreikning ellilífeyris er miðað við áunnin réttindi en við örorku njóta sjóðfélagar framreiknings til ellilífeyrisaldurs. Réttindi þeirra sem fluttu sig úr B-deild LSR og LH yfir í A-deild urðu eftir í þeim sjóðum og eru verðtryggð með launavísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna. Meðalaldur sjóðfélaga sem áttu réttindi í árslok hjá A-deild LSR var 37 ár.




Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins í árslok 2000 var 53 ár og voru 73% af þeim konur en 27% karlar. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 81,9% til greiðslu örorkulífeyris, 8,8% í ellilífeyri, 7,1% í barnalífeyri og 2,2% í makalífeyri. Þetta má sjá nánar í meðfylgjandi súluriti.

## B-deild LSR

Á árinu 2000 fengu 8.210 lífeyrisþegar greiðslur úr B-deild LSR, samtals að fjárhæð 6.115 mkr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var í árslok 2000 72 ár og voru 60% af þeim konur en 40% karlar. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 72,2% til greiðslu ellilífeyris, 23,8% í makalífeyri, 3,8% í örorkulífeyri og 0,2% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og súluriti.




| **B-DEILD LSR** | **Fjöldi lífeyrisþega** | | | **Lífeyrisgreiðslur í mkr.** | | | **Meðalfjárh. lífeyr. í þús. kr.** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2000** | **1999** | **Breyt.** | **2000** | **1999** | **Breyt.** | **2000** | **1999** | **Breyt.** |
| Ellilífeyrir | 5.245 | 4.837 | 8,4% | 4.412,6 | 3.860,4 | 14,3% | 841,3 | 798,1 | 5,4% |
| Örorkulífeyrir | 779 | 790 | -1,4% | 234,2 | 194,0 | 20,7% | 300,7 | 245,6 | 22,4% |
| Makalífeyrir | 1.936 | 1.885 | 2,7% | 1.456,7 | 1.337,4 | 8,9% | 752,4 | 709,5 | 6,1% |
| Barnalífeyrir | 250 | 381 | -34,4% | 11,0 | 19,6 | -43,9% | 44,0 | 51,5 | -14,6% |
| **Samtals** | **8.210** | **7.893** | **4,0%** | **6.114,5** | **5.411,4** | **13,0%** | **744,8** | **685,6** | **8,6%** |

## DREIFING LÍFEYRISGREIÐSLNA 2000

| Fjárhæð í þús. kr. | Elli-lífeyrir | Örorku-lífeyrir | Maka-lífeyrir | Barna-lífeyrir | Samtals fjöldi | Uppsafn. fjöldi | Hlutfall af heild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0-100 | 509 | 136 | 206 | 246 | 1.097 | 1.097 | 13,4% |
| 100-200 | 539 | 111 | 191 | 2 | 843 | 1.940 | 23,6% |
| 200-300 | 468 | 163 | 139 | 0 | 770 | 2.710 | 33,0% |
| 300-400 | 404 | 157 | 69 | 2 | 632 | 3.342 | 40,7% |
| 400-500 | 317 | 180 | 50 | 0 | 547 | 3.889 | 47,4% |
| 500-600 | 288 | 146 | 35 | 0 | 469 | 4.358 | 53,1% |
| 600-700 | 250 | 137 | 23 | 0 | 410 | 4.768 | 58,1% |
| 700-800 | 250 | 153 | 12 | 0 | 415 | 5.183 | 63,1% |
| 800-900 | 188 | 161 | 10 | 0 | 359 | 5.542 | 67,5% |
| 900-1.000 | 222 | 118 | 10 | 0 | 350 | 5.892 | 71,8% |
| 1.000-1.250 | 573 | 195 | 13 | 0 | 781 | 6.673 | 81,3% |
| 1.250-1.500 | 376 | 97 | 7 | 0 | 480 | 7.153 | 87,1% |
| 1.500-1.750 | 279 | 55 | 4 | 0 | 338 | 7.491 | 91,2% |
| 1.750-2.000 | 182 | 42 | 2 | 0 | 226 | 7.717 | 94,0% |
| 2.000-2.500 | 204 | 49 | 4 | 0 | 257 | 7.974 | 97,1% |
| 2.500-3.000 | 105 | 33 | 2 | 0 | 140 | 8.114 | 98,8% |
| 3.000-3.500 | 50 | 2 | 1 | 0 | 53 | 8.167 | 99,5% |
| 3.500-4.000 | 17 | 0 | 0 | 0 | 17 | 8.184 | 99,7% |
| Hærra en 4.000 | 24 | 1 | 1 | 0 | 26 | 8.210 | 100,0% |

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 4% á árinu 2000 en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 13%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna eykst hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækkun dagvinnulauna á árinu. Fjárhæð lífeyris tekur mið af dagvinnulaunum eftirmanns í starfi eða breytingum sem verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2000 var 745 þús. kr. en var 686 þús. kr. árið áður og hækkaði um 8,6% milli ára. Tæplega helmingur lífeyrisþega fékk greidda fjárhæð undir 500 þús. kr. og fjórðungur var með lífeyrisgreiðslur á bilinu 500-1.000 þús. kr. Í töflu hér til hliðar má sjá hvernig fjárhæð greidds lífeyris á árinu 2000 dreifðist.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega í B-deild LSR var 39,5% í desember 2000. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og þannig er að meðaltali um 20 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 72.117 kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru 166.613 kr. Á milli ára hækkuðu meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris um 8,7% en meðalréttindaprósenta lífeyrisþega lækkaði um 0,3 prósentustig. Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 1.828 kr. eða sem svarar 182.800 kr. meðallaunum.

## MEÐALLÍFEYRIR OG -RÉTTINDI Í DESEMBER 2000 - B-DEILD LSR

| | Meðalfjárhæð réttinda% | Meðal-fjárhæð | Meðal-viðmiðunarlaun | Meðalfjárhæð bak við hvert réttinda% |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 43,17% | 79.615 | 165.929 | 1.844 |
| Makalífeyrir | 37,42% | 69.059 | 174.018 | 1.846 |
| Örorkulífeyrir | 17,09% | 24.075 | 151.105 | 1.409 |
| **Meðaltal** | **39,45%** | **72.117** | **166.613** | **1.828** |

*Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2000 án persónuuppbótar.*

Vakin er athygli á því að ofangreindar tölur eru meðaltöl og lækka þeir lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum því meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2000 næmu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga 129.080 kr. á mánuði.

Af þeim 6.115 mkr. sem greiddar voru í lífeyri úr B-deild LSR á síðasta ári fékk sjóðurinn 2.506 mkr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Samkvæmt lögum sjóðsins endurgreiða launagreiðendur þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum á árinu 2000 var 59% en var 57,6% árið áður. Aukið hlutfall sjóðins skýrist af uppgjörum launagreiðenda í árslok 1999, en það hefur í för með sér að innheimta lífeyrishækkana fellur niður. Hlutfall sjóðsins er eðlilega hærra í lífeyrisgreiðslum til þeirra sem hafa verið á lífeyri í skamman tíma og hækkar því ef úrskurðaðir lífeyrisþegar eru fleiri en brottfallnir.




## Lífeyrissjóður alþingismanna

Á árinu 2000 fengu 183 lífeyrisþegar greiðslur úr Lífeyrissjóði alþingismanna, samtals að fjárhæð 180 mkr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var í árslok 2000 76 ár og voru 52% af þeim konur en 48% karlar. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 51,6% til greiðslu ellilífeyris, 45,8% í makalífeyri, 2,5% í örorkulífeyri og 0,1% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og súluriti.

| LSJ. ALÞINGISM. | Fjöldi lífeyrisþega | | | Lífeyrisgreiðslur í mkr. | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2000 | 1999 | Breyt. | 2000 | 1999 | Breyt. | 2000 | 1999 | Breyt. |
| Ellilífeyrir ............... | 98 | 95 | 3,2% | 93,0 | 73,6 | 26,4% | 948,8 | 774,3 | 22,5% |
| Örorkulífeyrir ......... | 5 | 5 | 0,0% | 4,5 | 5,3 | -15,7% | 895,4 | 1.061,8 | -15,7% |
| Makalífeyrir............. | 77 | 80 | -3,8% | 82,7 | 76,6 | 8,0% | 1.074,3 | 957,6 | 12,2% |
| Barnalífeyrir ........... | 3 | 4 | -25,0% | 0,1 | 0,2 | -36,5% | 45,1 | 53,3 | -15,3% |
| **Samtals....................** | **183** | **184** | **-0,5%** | **180,3** | **155,7** | **15,8%** | **985,3** | **846,2** | **16,4%** |




## Lífeyrissjóður ráðherra

Á árinu 2000 fengu 27 lífeyrisþegar greiðslur úr Lífeyrissjóði ráðherra, samtals að fjárhæð 26 mkr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var í árslok 2000 76 ár og voru 63% af þeim karlar en 37% konur. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 61,9% til greiðslu ellilífeyris og 38,1% í makalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu.

| LSJ. RÁÐHERRA | Fjöldi lífeyrisþega | | | Lífeyrisgreiðslur í mkr. | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2000 | 1999 | Breyt. | 2000 | 1999 | Breyt. | 2000 | 1999 | Breyt. |
| Ellilífeyrir ............... | 18 | 16 | 12,5% | 16,4 | 14,0 | 16,7% | 909,4 | 876,8 | 3,7% |
| Makalífeyrir............. | 9 | 9 | 0,0% | 10,1 | 9,0 | 11,8% | 1.118,7 | 1.000,2 | 11,8% |
| **Samtals....................** | **27** | **25** | **8,0%** | **26,4** | **23,0** | **14,8%** | **979,2** | **921,2** | **6,3%** |

## Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Á árinu 2000 fékk 431 lífeyrisþegi greiðslur frá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, samtals að fjárhæð 426 mkr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var í árslok 2000 69 ár og voru 97% af þeim konur en 3% karlar. Af lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu 2000 fóru 88,2% til greiðslu ellilífeyris, 10,0% í örorkulífeyri, 1,5% í makalífeyri og 0,3% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og súluriti.




| LSJ. HJÚKR.FR. | Fjöldi lífeyrisþega | | | Lífeyrisgreiðslur í mkr. | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2000** | **1999** | **Breyt.** | **2000** | **1999** | **Breyt.** | **2000** | **1999** | **Breyt.** |
| Ellilífeyrir ................ | 319 | 295 | 8,1% | 375,9 | 314,0 | 19,7% | 1.178,4 | 1.064,6 | 10,7% |
| Örorkulífeyrir .......... | 73 | 72 | 1,4% | 42,8 | 42,1 | 1,7% | 586,4 | 584,6 | 0,3% |
| Makalífeyrir............. | 11 | 9 | 22,2% | 6,2 | 5,7 | 8,9% | 567,1 | 636,5 | -10,9% |
| Barnalífeyrir ........... | 28 | 42 | -33,3% | 1,3 | 1,8 | -28,7% | 45,5 | 42,6 | 6,9% |
| **Samtals....................** | **431** | **418** | **3,1%** | **426,2** | **363,7** | **17,2%** | **989,0** | **870,0** | **13,7%** |



Alþingishúsið við Austurvöll

## DREIFING LÍFEYRISGREIÐSLNA 2000

| Fjárhæð í þús. kr. | Elli-lífeyrir | Örorku-lífeyrir | Maka-lífeyrir | Barna-lífeyrir | Samtals fjöldi | Uppsafn. fjöldi | Hlutfall af heild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0-100 | 5 | 1 | 6 | 28 | 40 | 40 | 9,3% |
| 100-200 | 3 | 2 | 6 | 0 | 11 | 51 | 11,8% |
| 200-300 | 15 | 1 | 6 | 0 | 22 | 73 | 16,9% |
| 300-400 | 9 | 1 | 9 | 0 | 19 | 92 | 21,3% |
| 400-500 | 11 | 0 | 12 | 0 | 23 | 115 | 26,7% |
| 500-600 | 17 | 1 | 7 | 0 | 25 | 140 | 32,5% |
| 600-700 | 12 | 2 | 4 | 0 | 18 | 158 | 36,7% |
| 700-800 | 15 | 0 | 4 | 0 | 19 | 177 | 41,1% |
| 800-900 | 12 | 0 | 4 | 0 | 16 | 193 | 44,8% |
| 900-1.000 | 14 | 1 | 3 | 0 | 18 | 211 | 49,0% |
| 1.000-1.250 | 55 | 1 | 7 | 0 | 63 | 274 | 63,6% |
| 1.250-1.500 | 62 | 1 | 2 | 0 | 65 | 339 | 78,7% |
| 1.500-1.750 | 50 | 0 | 1 | 0 | 51 | 390 | 90,5% |
| 1.750-2.000 | 18 | 0 | 1 | 0 | 19 | 409 | 94,9% |
| Hærra en 2.000 | 21 | 0 | 1 | 0 | 22 | 431 | 100,0% |

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 3,1% á árinu 2000 en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 17,2%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna hækkar hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækkun dagvinnulauna á árinu. Fjárhæð lífeyris tekur mið af dagvinnulaunum eftirmanns í starfi eða breytingum sem verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2000 var 989 þús. kr. en var 870 þús. kr. árið áður og hækkaði um 13,7% milli ára. Fjórðungur lífeyrisþega fékk greidda fjárhæð undir 500 þús. kr. og um helmingur var með lífeyrisgreiðslur yfir 1.000 þús. kr. Í töflu hér til hliðar má sjá hvernig fjárhæð greidds lífeyris á árinu 2000 dreifðist.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hjá LH var 47,5% í desember 2000. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári þannig að meðaltali er um 23,8 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 87.437 kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru 178.230 kr. Á milli ára hækkuðu meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris um 6,3% og meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hækkaði um 0,6 prósentustig. Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 1.839 kr., eða sem svarar 183.900 kr. meðallaunum.

## MEÐALLÍFEYRIR OG -RÉTTINDI Í DESEMBER 2000 - LH

| | Meðal-réttinda% | Meðal-fjárhæð | Meðal-viðmiðunarlaun | Meðalfjárhæð bak við hvert réttinda% |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 51,12% | 96.214 | 184.050 | 1.882 |
| Makalífeyrir | 29,99% | 54.428 | 171.637 | 1.815 |
| Örorkulífeyrir | 31,78% | 47.273 | 149.340 | 1.487 |
| **Meðaltal** | **47,54%** | **87.437** | **178.230** | **1.839** |

*Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2000 án persónuuppbótar.*

Vakin er athygli á því að ofangreindar tölur eru meðaltöl og lækka þeir lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum því meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2000 næmu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga 131.740 kr. á mánuði.

Af þeim 426 mkr. sem greiddar voru í lífeyri úr LH á síðasta ári fékk sjóðurinn 206 mkr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum ársins var því 51,6% sem er óbreytt hlutfall frá árinu áður. Launagreiðendur greiða allar hækkanir sem verða á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna.

# Þróun fjölda lífeyrisþega eftir lífeyristegundum 1999-2000

| **Lífeyrisþegar A-deild LSR** | **Fjöldi 1999** | **Nýir úrskurðir** | **Út af lífeyri** | **Fjöldi 2000** | **Breyting** |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 7 | 8 | 0 | 15 | 8 |
| Örorkulífeyrir | 6 | 23 | 1 | 28 | 22 |
| Makalífeyrir | 1 | 1 | 0 | 2 | 1 |
| Barnalífeyrir | 0 | 9 | 0 | 9 | 9 |
| **Samtals** | **14** | **41** | **1** | **54** | **40** |

| **Lífeyrisþegar B-deild LSR** | **Fjöldi 1999** | **Nýir úrskurðir** | **Út af lífeyri** | **Fjöldi 2000** | **Breyting** |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 4.837 | 588 | 180 | 5.245 | 408 |
| Örorkulífeyrir | 790 | 150 | 161 | 779 | -11 |
| Makalífeyrir | 1.885 | 140 | 89 | 1.936 | 51 |
| Barnalífeyrir | 381 | 28 | 159 | 250 | -131 |
| **Samtals** | **7.893** | **906** | **589** | **8.210** | **317** |

| **Lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs alþingismanna** | **Fjöldi 1999** | **Nýir úrskurðir** | **Út af lífeyri** | **Fjöldi 2000** | **Breyting** |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 95 | 10 | 7 | 98 | 3 |
| Örorkulífeyrir | 5 | 1 | 1 | 5 | 0 |
| Makalífeyrir | 80 | 3 | 6 | 77 | -3 |
| Barnalífeyrir | 4 | 0 | 1 | 3 | -1 |
| **Samtals** | **184** | **14** | **15** | **183** | **-1** |

| **Lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs ráðherra** | **Fjöldi 1999** | **Nýir úrskurðir** | **Út af lífeyri** | **Fjöldi 2000** | **Breyting** |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 16 | 3 | 1 | 18 | 2 |
| Örorkulífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Makalífeyrir | 9 | 0 | 0 | 9 | 0 |
| Barnalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **25** | **3** | **1** | **27** | **2** |

| **Lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga** | **Fjöldi 1999** | **Nýir úrskurðir** | **Út af lífeyri** | **Fjöldi 2000** | **Breyting** |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 295 | 29 | 5 | 319 | 24 |
| Örorkulífeyrir | 72 | 8 | 7 | 73 | 1 |
| Makalífeyrir | 9 | 2 | 0 | 11 | 2 |
| Barnalífeyrir | 42 | 0 | 14 | 28 | -14 |
| **Samtals** | **418** | **39** | **26** | **431** | **13** |

# Fjárfestingarstefna

Sameiginleg fjárfestingarstefna hefur verið samþykkt fyrir sjóði Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Markmiðið er að B-deild LSR og LH nái þeirri eignasamsetningu sem stefnt er að í árslok 2004 en A-deild LSR í árslok 2001. Fjárfestingar í hlutabréfum hafa miðast við heimildir sem settar eru í lögum um lífeyrissjóði. Á árinu 1999 var heimild í lögum til að fjárfesta 35% af heildareignum í hlutabréfum en í maí árið 2000 var lögum breytt og þessi mörk færð í 50%. Fjárfestingarstefnu LSR og LH var breytt í framhaldi af lagabreytingum. Í töflu og skífuriti hér fyrir neðan eru nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu LSR og LH.

LSR & LH - Áætluð eignasamsetning í árslok 2004




**ÁÆTLUÐ EIGNASAMSETNING Í ÁRSLOK 2004**

| | | Stefna | Bil | |
|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf** | | 50% | 40% | 60% |
| | Ríkistryggð bréf | 20% | 15% | 25% |
| | Skuldabréf lánastofnana | 7% | 4% | 12% |
| | Skuldabréf sveitarfélaga | 5% | 4% | 10% |
| | Skuldabréf fyrirtækja | 4% | 2% | 8% |
| | Veðskuldabréf | 14% | 10% | 16% |
| **Hlutabréf** | | 50% | 40% | 50% |
| | Innlend hlutabréf | 10% | 5% | 15% |
| | Erlend hlutabréf | 40% | 35% | 45% |



Arnarhváll

# Fjárfestingar

Á liðnu ári ráðstöfuðu Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga til lánveitinga og verðbréfakaupa samanlagt 19,3 milljörðum króna. Alls voru keypt skuldabréf fyrir 9,8 ma.kr. og hlutabréf fyrir rúma 9,5 ma.kr. Sundurliðun fjárfestinga A- og B-deildar LSR og LH á árinu 2000 má sjá í meðfylgjandi töflu og myndum.

**LÍFEYRISSJÓÐIR BANKASTRÆTI 7 - VERÐBRÉFAKAUP Á ÁRINU 2000**

| | | | | | Hlutföll | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | A-deild | B-deild | LH | Samtals | A-deild | B-deild | LH | Samtals |
| Ríkistryggð bréf | 814,1 | 2.615,5 | 365,8 | 3.795,4 | 16,0% | 20,7% | 22,2% | 19,6% |
| Skuldabréf lánastofnana | 211,1 | 1.131,3 | 195,7 | 1.538,1 | 4,2% | 9,0% | 11,9% | 8,0% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 0,0 | 24,4 | 0,0 | 24,4 | 0,0% | 0,2% | 0,0% | 0,1% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 28,4 | 93,9 | 17,7 | 140,0 | 0,6% | 0,7% | 1,1% | 0,7% |
| Veðskuldabréf | 1.945,3 | 2.211,3 | 157,0 | 4.313,6 | 38,3% | 17,5% | 9,5% | 22,3% |
| **Skuldabréf:** | 2.998,8 | 6.076,4 | 736,3 | 9.811,4 | 59,1% | 48,2% | 44,7% | 50,8% |
| Innlend hlutabréf | 793,8 | 1.762,5 | 291,4 | 2.847,6 | 15,6% | 14,0% | 17,7% | 14,7% |
| Erlend hlutabréf | 1.283,5 | 4.767,0 | 620,3 | 6.670,9 | 25,3% | 37,8% | 37,6% | 34,5% |
| **Hlutabréf:** | 2.077,4 | 6.529,4 | 911,7 | 9.518,5 | 40,9% | 51,8% | 55,3% | 49,2% |
| **Verðbréfakaup alls:** | 5.076,1 | 12.605,8 | 1.648,0 | 19.329,9 | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |







Í heild jukust fjárfestingar um 2,7 ma.kr. á milli ára, eða um 16%. Fjárfestingar í skuldabréfum drógust saman um 1,6 ma.kr., eða um tæp 14%, en fjárfestingar í hlutabréfum jukust um 4,3 ma.kr., eða tæp 83%. Fjárfestingar ársins eru í takt við fyrirætlanir sjóðanna um breytta eignasamsetningu. Helsta breyting milli ára er að sjóðirnir fjárfestu meira í innlendum hlutabréfum en áður hafði verið gert.

# Verðbréfaeign

Skiptingu verðbréfaeignar A- og B-deildar LSR og LH í árslok 2000 má sjá í meðfylgjandi töflu og myndum. Samsetning eigna hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Skuldabréf nú eru 78% af verðbréfaeign en voru 84% árið áður. Hlutabréf voru tæp 16% af verðbréfaeign árið 1999 en eru nú 22%.

**LÍFEYRISSJÓÐIR BANKASTRÆTI 7 - EIGNASAMSETNING 31/12 2000**

| | | | | | Hlutföll | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **A-deild** | **B-deild** | **LH** | **Samtals** | **A-deild** | **B-deild** | **LH** | **Samtals** |
| Ríkistryggð bréf | 2.380,4 | 31.554,8 | 3.110,6 | 37.045,8 | 19,2% | 50,1% | 41,5% | 44,7% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 575,9 | 1.382,4 | 327,5 | 2.285,8 | 4,7% | 2,2% | 4,4% | 2,8% |
| Skuldabréf lánastofnana | 1.569,8 | 5.333,7 | 961,1 | 7.864,6 | 12,7% | 8,5% | 12,8% | 9,5% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 250,7 | 674,2 | 147,9 | 1.072,8 | 2,0% | 1,1% | 2,0% | 1,3% |
| Veðskuldabréf | 3.175,4 | 12.138,1 | 1.057,1 | 16.370,6 | 25,6% | 19,3% | 14,1% | 19,7% |
| **Skuldabréf:** | 7.952,2 | 51.083,2 | 5.604,2 | 64.639,6 | 64,2% | 81,1% | 74,7% | 78,0% |
| Innlend hlutabréf | 898,2 | 2.283,5 | 365,9 | 3.547,6 | 7,3% | 3,6% | 4,9% | 4,3% |
| Erlend hlutabréf | 3.532,3 | 9.641,9 | 1.531,0 | 14.705,2 | 28,5% | 15,3% | 20,4% | 17,7% |
| **Hlutabréf:** | 4.430,5 | 11.925,4 | 1.896,9 | 18.252,8 | 35,8% | 18,9% | 25,3% | 22,0% |
| **Verðbréfaeign alls:** | 12.382,7 | 63.008,6 | 7.501,1 | 82.892,4 | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

LSR & LH - Eignasamsetning 31/12 2000




LSR & LH - Eignasamsetning 31/12 2000



# Ávöxtun

Vegið meðaltal nafnávöxtunar hjá öllum deildum LSR á árinu 2000 var 5,8%, sem samsvarar 1,6% raunávöxtun samanborið við 8,1% raunávöxtun á árinu 1999. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 1,5% á árinu. Meðaltal hreinnar raunávöxtunnar LSR síðustu 5 árin er 5,1%. Nafnávöxtun LH var 5% á árinu 2000 sem samsvarar 0,8% raunávöxtun samanborið við 9,3% raunávöxtun á árinu 1999. Meðaltal hreinnar raunávöxtunnar LH síðustu 5 ár er 5,5%. Á árinu 2000 var hrein raunávöxtun A-deildar LSR -1,8%, 2,2% hjá B-deild, -15,3% hjá S-deild LSR og 0,7% hjá LH. Samsvarandi ávöxtunartölur fyrir árið 1999 eru 15,2% hjá A-deild, 7,6% hjá B-deild, 17,4% hjá S-deild og 9,1% hjá LH. Mismunandi ávöxtun sjóðanna má rekja til mismunandi eignasamsetningar. Á myndinni hér að neðan má sjá ávöxtun og eignasamsetningu A- og B-deildar LSR og LH á árunum 1999 og 2000 en nánari umfjöllun um S-deild LSR er aftar í skýrslunni.

**ÁVÖXTUN OG EIGNASAMSETNING**

| | **A-deild LSR** | | **B-deild LSR** | | **LH** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2000** | **1999** | **2000** | **1999** | **2000** | **1999** |
| Hrein raunávöxtun | -1,8% | 15,2% | 2,2% | 7,6% | 0,7% | 9,1% |
| **Eignasamsetning í árslok:** | | | | | | |
| Skuldabréf | 64,2% | 63,1% | 81,1% | 88,0% | 74,7% | 81,5% |
| Innlend hlutabréf | 7,3% | 3,9% | 3,6% | 1,0% | 4,9% | 1,6% |
| Erlend hlutabréf | 28,5% | 33,0% | 15,3% | 11,0% | 20,4% | 16,9% |

Miklar lækkanir urðu á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2000. Hér á landi hafði þróun olíuverðs, hátt vaxtastig, verðbólga og þensla mikil áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja og gengi hlutabréfa. Úrvalsvísitala aðallista lækkaði um 19% frá upphafi til loka árs 2000 og hefur íslenski hlutabréfamarkaðurinn ekki skilað jafn slakri ávöxtun í sögu vísitölunnar. Heildarvísitala aðallista lækkaði um tæp 14% yfir árið. Á myndinn hér að neðan er sýnd þróun Úrvalsvísitölu aðallista á síðasta ári.

Úrvalsvísitala aðallista 2000




Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI - World Index) lækkaði um 14% í USD á árinu 2000 en stendur í stað í íslenskum krónum þar sem verðgildi krónunnar lækkaði einnig um 14%.

Talsverð hækkun varð á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á síðasta ári í takt við almennt hækkandi vexti á innlendum fjármagnsmarkaði. B-deild LSR og LH eiga mun meira í skuldabréfum en A- og S-deild LSR. Skuldabréfaeign LSR og LH, að undanskilinni séreignardeild LSR, er gerð upp á kaupkröfu sem þýðir að breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hafa ekki áhrif á bókfært virði þeirra bréfa sem sjóðirnir áttu í árslok 1999. Breytingarnar hafa einungis áhrif á verð þeirra bréfa sem keypt voru eftir þann tíma. Þar sem skuldabréfaeign S-deildar LSR er gerð upp á markaðsvirði þýðir það að þegar ávöxtunarkrafa á markaði hækkar, eins og gerðist á síðasta ári, þá lækkar virði bréfanna burtséð frá kaupkjörum og kauptíma.

Hér til hliðar er sýnd sundurliðun ávöxtunar eftir tegundum verðbréfa. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

Með hækkandi hlutfalli innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðanna mun verða vart við meiri sveiflur í ávöxtun á komandi árum. Til lengri tíma litið á hærra hlutfall hlutabréfa að skila sjóðunum betri ávöxtun en ef einvörðungu er fjárfest í skuldabréfum.

**SKIPTING ÁVÖXTUNAR 2000 EFTIR TEGUNDUM VERÐBRÉFA**

| | A-deild | B-deild | LH |
|---|---|---|---|
| Skuldabréf ............... | 5,4% | 5,7% | 5,1% |
| Innlend hlutabréf .... | -5,9% | -7,2% | -8,0% |
| Erlend hlutabréf ...... | -9,5% | -10,1% | -9,2% |

## Skuldabréf

Á árinu 2000 voru keypt skuldabréf fyrir 9,8 ma.kr. Ávöxtunarkrafa markaðsskuldabréfa fór hækkandi samfara hærri stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Framboð húsbréfa jókst mikið á árinu á meðan eftirspurn dróst saman en forsenda lækkunar ávöxtunarkröfu húsbréfa (verðhækkun) er jafnvægi framboðs og eftirspurnar. Ávöxtunarkrafa húsbréfa hækkaði á árinu og má sjá hér fyrir neðan þróun ávöxtunarkröfu húsbréfaflokks BH37, sem hækkaði um 117 punkta á árinu. Lánveitingar til sjóðfélaga jukust mikið á síðasta ári og er nánar fjallað um þær aftar í skýrslunni.

**Yfirlit um þróun ávöxtunarkröfu húsbréfa BH37 á árinu 2000**



## Innlend hlutabréf

Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum námu rúmum 2,8 milljörðum króna, sem er mikil aukning frá árinu áður en þá námu fjárfestingar í innlendum hlutabréfum um 0,5 ma.kr. Hlutabréf hækkuðu mikið í upphafi árs en í kjölfar afkomubirtingar fyrir árið 1999 lækkuðu mörg þeirra. Hér á landi hafði þróun olíuverðs, hátt vaxtastig, verðbólga og þensla mikil áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja og gengi hlutabréfa. Í töflunni til hliðar má sjá markaðsvirði tíu stærstu innlendu hlutafélaganna í eigu LSR og LH í árslok 2000.

| FÉLAG | M.kr. | Eign % |
|---|---|---|
| Össur hf. | 588.502 | 2,8% |
| Kaupþing hf. | 395.969 | 2,6% |
| Pharmaco hf. | 261.276 | 2,4% |
| Eimskip hf. | 248.902 | 1,5% |
| Ísl. hugb.sjóðurinn hf. | 228.938 | 7,8% |
| Baugur hf. | 224.472 | 1,5% |
| Kaupás hf. | 185.056 | 4,9% |
| Samherji hf. | 154.817 | 2,2% |
| Þróunarfélag Íslands hf. | 153.750 | 3,7% |
| Grandi hf. | 130.190 | 2,4% |

## Erlend hlutabréf

Af erlendri hlutabréfaeign LSR og LH eru 70,9% í sérgreindum hlutabréfasöfnum í umsjá Morgan Stanley og Dresdner RCM. Mikill munur var á ávöxtun safnanna á síðasta ári. Ávöxtun Morgan Stanley var neikvæð um 15,5% á meðan Dresdner sýndi jákvæða ávöxtun um 2,4%. Mismunur á árangri sjóðanna skýrist aðallega af mismunandi eignasamsetningu. Morgan Stanley dró örlítið úr vægi tæknifyrirtækja en Dresdner breytti sinni eignasamsetningu þannig að dregið var úr vægi vaxtarfyrirtækja. Morgan Stanley kom illa út úr því að halda nokkuð fast við sína stefnu en ekki má gleyma því að hún hefur verið að skila sjóðunum framúrskarandi árangri á undanförnum árum og var síðasta ár það versta í marga áratugi. Í töflunni að neðan má sjá yfirlit yfir samanlagðar eignir LSR og LH í erlendum hlutabréfum og fjárfestingar á árinu 2000.

**EIGNIR LSR OG LH Í ERLENDUM HLUTABRÉFUM Á ÁRINU 2000**

| | Upphæðir í millj. IKR | | | | Hækkanir/lækkanir | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Staða 1. jan. | Innb. á árinu | Staða 31. des. | Hlutföll | Gengishagn. | Skv. reglum um ársreikn. | Skv. uppl. aðila í ISK |
| Morgan Stanley | 6.499 | 2.510 | 7.808 | 53,1% | -1.202 | -15,5% | -13,6% |
| Dresdner RCM Global Investors | 590 | 1.991 | 2.620 | 17,8% | 39 | 2,4% | 6,4% |
| Alliance - Global Growth Trends | 311 | 877 | 1.243 | 8,4% | 54 | 7,2% | 16,0% |
| Vanguard - Global Stock Index Inst | 243 | 882 | 1.116 | 7,6% | -9 | -1,3% | 0,9% |
| Schroder - Global Equity Class C | 736 | 0 | 751 | 5,1% | 15 | 2,0% | 2,0% |
| Kaupþing Fund - Global Eq. Class | 616 | 56 | 564 | 3,8% | -108 | -16,8% | -17,4% |
| Fidelity - Euro Blue Chip Fund | 180 | 0 | 193 | 1,3% | 13 | 7,4% | 7,2% |
| Kaupthing Fund - Nordic Gr. Class | 0 | 180 | 168 | 1,1% | -12 | -13,1% | n/a |
| Fidelity - European Growth Fund | 99 | 0 | 131 | 0,9% | 32 | 32,3% | 33,0% |
| Kaupthing fund - Global Tec. Class | 0 | 131 | 75 | 0,5% | -56 | -85,8% | -41,5% |
| GIR - Capital Investments | 0 | 36 | 31 | 0,2% | -5 | -30,2% | 0,0% |
| Private Opportunity Ventures | 0 | 6 | 7 | 0,0% | 0 | 11,7% | n/a |
| | **9.274** | **6.671** | **14.705** | **100,0%** | **-1.239** | **-9,8%** | |

Miklar sveiflur urðu á árinu á erlendum hlutabréfamörkuðum. Í upphafi árs hækkuðu hlutabréf mikið og náðu hámarki í mars en fóru síðan að lækka eftir það. Liðið ár er það fyrsta í mörg ár sem erlendir hlutabréfamarkaðir sýna neikvæða ávöxtun. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI - World Index) lækkaði um rúm 14% á árinu 2000 í dollurum talið. Í töflu og mynd að neðan má sjá þróun ýmissa erlendra vísitalna samanborið við erlend sérgreind söfn LSR og LH á árinu 2000.

## Sérgreind söfn LSR & LH samanborið við vísitölur-breytingar í IKR á árinu 2000




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 1 | 12 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dow Jones | -3,71% | -6,24% | 3,60% | 3,02% | 0,96% | 4,34% | 5,54% | 14,96% | 11,96% | 16,53% | 7,66% | 4,91% |
| Nasdaq | -3,46% | -11,19% | -3,51% | -2,70% | -4,42% | -4,23% | -0,82% | 8,56% | 6,08% | 14,30% | 9,16% | 9,55% |
| MSCI - World I | -1,76% | 16,36% | 14,14% | -1,13% | -12,72% | 2,72% | 0,32% | 15,04% | 3,36% | -0,82% | -23,06% | -29,12% |
| Morgan Stanley | -4,45% | -4,88% | 2,37% | 0,49% | -1,94% | 2,19% | 2,03% | 8,08% | 5,19% | 8,08% | 2,04% | 0,35% |
| Dresdner RCM | -5,47% | 9,39% | 3,40% | -2,37% | -8,90% | -2,92% | -1,35% | 7,98% | 2,18% | 2,16% | -11,13% | -13,60% |



Lögreglustöðin við Hverfisgötu

## Innra eftirlit

Öflugt innra eftirlit er ein af forsendum árangursríkrar stjórnunar og ein af þeim aðgerðum sem fyrirtæki og stofnanir nota til að ná markmiðum sínum. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga eru með samning við Ríkisendurskoðun um framkvæmd innra eftirlits hjá sjóðunum. Samningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 391/1998 um sama efni.

Innra eftirliti hjá sjóðunum á m.a. að tryggja að:

- Starfsemi sjóðanna fylgi þeim lögum og reglum sem í gildi eru.
- Reksturinn sé árangursríkur og skilvirkur, þar með talin ráðstöfun tíma og fjármuna.
- Reikningsskil sjóðanna séu áreiðanleg.
- Rekstraröryggi upplýsingakerfa sé tryggt ásamt áreiðanleika og leynd gagna.

## Heimasíða

Á heimasíðu sjóðanna geta sjóðfélagar og launagreiðendur nálgast upplýsingar um sjóðinn á skjótan og öruggan hátt. Þar er m.a. að finna upplýsingar um útreikning á lífeyri og iðgjaldi, lög og samþykktir sjóðanna, upplýsingar um starfsmenn sjóðanna ásamt leiðbeiningum til launagreiðenda. Þar er að finna upplýsingar um séreignardeild LSR, hægt að prenta út umsóknareyðublöð og tengjast reikniforriti sem reiknar út áætlaða eign til útgreiðslu eftir forsendum hvers og eins. Ítarlegar upplýsingar eru um lán til sjóðfélaga, lánareglur og umsóknareyðublöð, s.s. vegna lánsumsókna og veðflutnings. Á heimasíðunni má skoða fréttir af sjóðunum, ársreikninga þeirra, ávöxtunartölur og tengjast öðrum heimasíðum. Slóðin að heimasíðunni er **www.lsr.is**



Þjóðleikhúsið

# Sjóðfélagalán og lánareglur

## Sjóðfélagalán

Mikil aukning var í lánveitingum til sjóðfélaga á síðasta ári. Þetta er annað árið í röð þar sem lánveitingar aukast verulega milli ára eða frá því að gerðar voru veigamiklar breytingar á lánareglum sjóðanna í mars 1999. Þá var réttur núverandi og fyrrverandi sjóðfélaga til lántöku rýmkaður, auk þess sem hámarks lánsupphæð var hækkuð.

Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH á árinu 2000 námu 4.302 mkr. og hækkuðu þau um 80% milli ára. Alls voru veitt 1.988 lán á árinu en þau voru 1.248 á árinu 1999 og eru því 59% fleiri en árið áður. Meðalfjárhæð veittra lána hækkaði einnig, úr 1,9 mkr. í tæplega 2,2 mkr.

Frá árinu 1998 hefur fjárhæð veittra lána til sjóðfélaga rúmlega fjórfaldast sem skýrist af breyttum lánareglum, hækkandi fasteignaverði og aukinni eftirspurn eftir lánsfé í þjóðfélaginu almennt. Með hækkandi húsnæðisverði undanfarin ár hefur hlutur Íbúðalánasjóðs í fjármögnun einstaklinga vegna húsnæðiskaupa farið minnkandi. Almenningur hefur því jafnframt þurft að leita til annarra fjármögnunaraðila eins og lífeyrissjóða. Þetta skýrir að hluta til þá miklu aukningu í sjóðfélagalánum sem orðið hefur undanfarin 2 ár. Einnig hafa margir sjóðfélagar tekið lán hjá sjóðunum til að endurskipuleggja fjármál sín og notað þau til að greiða upp óhagstæð skammtímalán. Þannig borga sjóðfélagar mun lægri vexti árlega, auk þess sem greiðslubyrðin minnkar.

**SJÓÐFÉLAGALÁN**
(fjárhæðir eru í þús. kr.)

| | A-deild LSR | | B-deild LSR[1] | | LH | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Lán í árslok:*** | **2000** | **1999** | **2000** | **1999** | **2000** | **1999** | **2000** | **1999** |
| Heildarfjárhæð | 3.137.897 | 1.187.737 | 12.036.868 | 10.334.221 | 1.049.792 | 943.648 | 16.224.557 | 12.465.606 |
| Fjöldi lána | 1.632 | 738 | 13.322 | 12.931 | 1.237 | 1.213 | 16.191 | 14.882 |
| Meðalfjárhæð | 1.923 | 1.609 | 904 | 799 | 849 | 778 | 1.002 | 838 |
| Hlutfall af eignum | 25,1% | 14,7% | 19,1% | 19,6% | 14,0% | 14,9% | 19,5% | 18,6% |
| ***Veitt lán á árinu:*** | | | | | | | | |
| Fjárhæð | 1.945.918 | 780.896 | 2.199.230 | 1.499.266 | 157.025 | 115.877 | 4.302.173 | 2.396.039 |
| Fjöldi lána | 919 | 452 | 992 | 742 | 77 | 54 | 1.988 | 1.248 |
| Meðalfjárhæð | 2.117 | 1.728 | 2.217 | 2.021 | 2.039 | 2.146 | 2.164 | 1.920 |
| Hlutf. af ráðstöfunarfé | 40,0% | 20,8% | 18,3% | 13,2% | 10,8% | 8,5% | 23,5% | 14,5% |

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu í árslok 2000 16.225 mkr. og hækkuðu um 30% milli ára. Hlutfall eigna sjóðanna samtals í sjóðfélagalánum hækkaði hlutfallslega minna milli ára eða úr 18,6% í 19,5%. Lán til sjóðfélaga námu 23,5% af ráðstöfunarfé ársins sem er veruleg hækkun frá árinu 1999 þar sem hlutfallið var 14,5%.

**SJÓÐFÉLAGALÁN, LSR OG LH**

| ***Vanskil:*** | **2000** | **1999** | **1998** | **1997** |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi lána í meira en 3ja mán. vanskilum í árslok | 334 | 363 | 305 | 370 |
| Fjöldi lána í uppboðsmeðferð í árslok | 78 | 58 | 100 | 106 |
| Fjöldi útsendra uppboðsbeiðna á árinu | 160 | 199 | 263 | 257 |
| Fjöldi skuldbreyttra lána á árinu | 52 | 94 | 124 | 84 |
| Upphæð í vanskilum alls í árslok (í þús. kr.) | 91.845 | 75.404 | 84.279 | 105.630 |
| Hlutfall af lánum til sjóðfélaga | 0,57% | 0,60% | 0,78% | 0,99% |
| Hlutfall af heildarskuldabréfaeign | 0,14% | 0,14% | 0,21% | 0,29% |

1 Tölur fyrir Lífeyrissjóð alþingismanna eru inni í tölum fyrir B-deild LSR í umfjöllun um sjóðfélagalán. Staða sjóðfélagalána hjá Lífeyrissjóði alþingismanna í árslok 2000 var 30,8 mkr.

Í árslok 2000 voru samtals 91,8 mkr. af sjóðfélagalánum í vanskilum hjá LSR og LH, sem er 0,57% af heildinni. Þetta eru öll vanskil en þess ber að geta að samkvæmt reglum sjóðanna hafa sjóðfélagar 14 daga til þess að greiða án þess að dráttarvextir séu reiknaðir, þannig að raunveruleg vanskil eru lægri. Lánum í meira en 3ja mánaða vanskilum fækkaði milli ára og færri lán fóru til uppboðsmeðferðar en árið áður. Sjóðirnir reyna eftir fremsta megni að aðstoða sjóðfélaga ef þeir lenda í greiðsluvandræðum þannig að ekki þurfi að koma til uppboðs, t.d. með því að skuldbreyta lánum.

## Lánareglur

### Lánsréttur

Hver sá sem greiðir eða hefur einhvern tíma greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga á rétt á lífeyrissjóðsláni. Sama gildir um þá sem átt gætu aðild að A-deild LSR þó að þeir hafi aldrei greitt til sjóðsins, t.d. aðilar að stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Þátttakendur í séreignarsparnaði hjá S-deild LSR hafa sama lánsrétt og aðrir sjóðfélagar.

### Lánsupphæðir

Hámark lánsfjárhæðar ræðst af veðhæfni eignar. Ef lánsupphæð er umfram 4 mkr. þurfa umsækjendur að gangast undir sérstakt greiðslumat auk þess sem ríkari kröfur eru gerðar hvað varðar mat á veðhæfni eignar.

### Lánskjör

Vextir í apríl 2001 voru 6,24% en 6,35% í árslok 2000. Vextir eru breytilegir samkvæmt ákvörðun stjórna sjóðanna og eru þeir endurskoðaðir miðað við ávöxtunarkröfu húsbréfa á 3ja mánaða fresti. Lánstími er 5-30 ár að vali lántakanda. Skilmálum eldri lána með föstum vöxtum er hægt að breyta.

### Veðtrygging

Lán er veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði og er í flestum tilfellum miðað við 65% af fasteignamati eignarinnar.

### Lántökukostnaður

Lántökugjald er 1% fyrir þá sem greitt hafa til sjóðsins í einn eða fleiri mánuði af síðustu 6 og fyrir þá sem fá greiddan lífeyri hjá sjóðnum, en 1,5% fyrir þá sem ekki hafa greitt iðgjald til sjóðsins á síðustu 6 mánuðum.

**Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH**




**Fjöldi veittra sjóðfélagalána LSR og LH**




**Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána LSR og LH**



# Séreignardeild LSR

Nú eru tvö ár liðin frá því séreignardeild LSR (S-deild LSR) tók til starfa en hún var stofnuð í ársbyrjun 1999. Sjóðurinn er rekinn í samstarfi við Kaupþing hf. sem hefur víðtæka reynslu af ávöxtun fjármuna. Samningur sjóðsins við Kaupþing hf. er þess eðlis að rekstrarkostnaði sjóðsins er haldið í lágmarki.

Rekstur sjóðsins fór vel af stað og greiddu 3.137 sjóðfélagar iðgjöld á árinu 1999. Fjölgun sjóðfélaga hefur verið nokkuð jöfn en á árinu 2000 greiddu 3.884 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins. Alls höfðu 4.016 sjóðfélagar gert samning við sjóðinn í árslok 2000 um að hefja reglubundnar greiðslur til hans og hófust iðgjaldagreiðslur sumra þeirra því á árinu 2001. Þetta eru 16,1% þeirra sjóðfélaga sem að meðaltali greiddu iðgjöld til annarra sjóða LSR eða til LH á árinu 2000. Iðgjöld ársins 2000 námu 270,2 mkr. og hækkuðu um 41,6% frá fyrra ári. Hækkunin skýrist aðallega af fjölgun sjóðfélaga og hækkun iðgjalds úr 2% í 4%. Inneignir sjóðfélaga í árslok 2000 námu 442,4 mkr. og hækkuðu um 107,1% milli ára.

Ávöxtun sjóðsins á árinu 1999 og framan af árinu 2000 var mjög góð. Á vordögum síðasta árs tóku hlutabréf hins vegar að lækka í verði bæði hér heima og erlendis, eftir samfelldar hækkanir undangengin ár. Þegar upp var staðið reyndist árið 2000 vera eitt erfiðasta ár, hvað ávöxtun hlutabréfa varðar, í langan tíma og ber ávöxtun sjóðsins á árinu 2000 þess merki. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2000 var neikvæð um 11,6% og hrein raunávöxtun um 15,3%. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 1999 var hins vegar 24,2% og hrein raunávöxtun 17,4%.

Skuldabréfaeign sjóðsins er að langmestu leyti bundin í sjóðum sem eru skráðir á markaði og skv. bókhaldsreglum gerðir upp á markaðsvirði. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði talsvert á síðasta ári í takt við almennt hækkandi vexti á innlendum fjármagnsmarkaði. Hækkandi ávöxtunarkrafa þýðir að markaðsvirði skuldabréfa lækkar til skamms tíma án þess þó að tekjustreymi þeirra breytist á neinn hátt. Hér er eingöngu um tiltekna uppgjörsaðferð að ræða. Hækkun á ávöxtunarkröfu hafði þar af leiðandi neikvæð áhrif á ávöxtun sjóðsins á árinu 2000. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa hefur hins vegar farið lækkandi það sem af er árinu 2001. Nánari umfjöllun um ávöxtun LSR og LH má sjá framar í skýrslunni.

Fjárfestingarstefna séreignardeildarinnar er sú sama og hjá öðrum deildum LSR og LH. Eignasamsetning skv. fjárfestingarstefnu sjóðsins er 50% skuldabréf, 40% erlend hlutabréf og 10% innlend hlutabréf.

**Fjárfestingarstefna - séreignardeildar LSR**






Landspítali - háskólasjúkrahús

## Iðgjald og þátttaka í séreignarsparnaði

Í könnun PricewaterhouseCoopers, sem gerð var í janúar 2001, sögðust 37% fólks á aldrinum 18-75 ára leggja viðbótarsparnað í lífeyrissjóð. Þar af sögðust álíka margir leggja fyrir 2% og 4% af launum. Í könnun sem gerð var árið áður mældist þátttaka almennings í séreignarsparnaði 27% og hefur því aukist um rúman þriðjung.

Í kjölfar lagabreytingar í maí 2000 geta launþegar nú fengið skattfrestun á allt að 4% greiðslu í séreignarsparnað í stað 2% áður. Mótframlag sem tengist lækkun á tryggingargjaldi launagreiðandans hækkaði að sama skapi úr 0,2% í 0,4% af heildarlaunum, en þessi hluti mótframlagsins getur þó aldrei orðið hærri en 10% af iðgjaldi launþegans. Með greiðslu 4% iðgjalds í samtryggingu og 4% í séreignarsparnað getur skattfrestun launþega því orðið samtals 8% af heildarlaunum viðkomandi.

Í desember 2000 gerðu mörg stéttarfélög opinberra starfsmanna samkomulag við launagreiðendur um aukið mótframlag vegna viðbótarsparnaðar í séreignarsjóð. Frá og með 1. janúar 2001 var mótframlag launagreiðenda 1,2% gegn a.m.k. 2% framlagi launþegans. Þann 1. janúar 2002 hækkar mótframlagið í 2,2% gegn 2% framlagi launþegans og í 2,4% gegn 4% framlagi launþegans. Með þessu er ljóst að hvati til séreignarsparnaðar er orðinn verulegur enda um afar hagstætt sparnaðarform að ræða.

**FRAMLAG TIL SÉREIGNARSPARNAÐAR**

| | | |
|---|---|---|
| **Séreignariðgjald launþega af launum** | **2%** | **4%** |
| Sparnaður af 150.000 kr. mánaðarlaunum | 3.000 | 6.000 |
| Lækkun staðgreiðslu (38,76%) | (1.163) | (2.326) |
| **Lækkun ráðstöfunartekna launþega** | **1.837** | **3.674** |
| **Mótframlag atvinnurekanda frá 1.1.2002** | **3.300** | **3.600** |
| (2,2% á móti 2% og 2,4% á móti 4%) | | |
| **Samtals framlag til séreignarsparnaðar** | **6.300** | **9.600** |
| **Hlutfall launþega í sparnaði** | **29%** | **38%** |

Þess má geta að þeir sjóðfélagar B-deildar LSR og LH sem fá greidda yfirvinnu hafa meira skattalegt svigrúm til greiðslu í séreignarsjóð en aðrir, því þeir greiða einungis 4% iðgjald af dagvinnulaunum til B-deildar LSR og LH. Þeir geta því greitt 8% af yfirvinnu sinni í séreignarsjóð og 4% af dagvinnunni. Mótframlag atvinnurekanda verður þó aldrei hærra en 1,4% af heildarlaunum viðkomandi á árinu 2001 en hækkar í 2,4% á árinu 2002.

## Útborgun lífeyris og aðild að séreignardeild LSR

Unnt er að hefja úttekt úr séreignardeild LSR við 60 ára aldur og taka greiðslur á minnst sjö árum, eða á þeim tíma sem á vantar að viðkomandi sjóðfélagi verði 67 ára. Þetta þýðir að þegar sjóðfélagi hefur náð 67 ára aldri getur hann tekið inneign sína út í einu lagi. Með því að taka sparnaðinn út áður en 67 ára aldri er náð, skerðir hann hvorki tekjutryggingu né aðrar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Inneign í S-deild LSR er séreign sjóðfélagans og erfist með svipuðum hætti og aðrar persónulegar eignir. Séreignarsparnaður er ekki framtalsskyldur, ekki þarf að greiða af honum fjármagnstekjuskatt og hann skerðir hvorki vaxta- né barnabætur.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, Lífeyrissjóði alþingismanna og Lífeyrissjóði ráðherra eiga rétt til aðildar að S-deild LSR. Sama gildir um þá sem einhvern tíma hafa greitt í þessa sjóði og alla þá, sem átt gætu rétt til aðildar skv. 3. gr. laga um LSR svo sem félagsmenn aðildarfélaga BSRB, BHM og KÍ.

# Tryggingafræðileg úttekt á LSR & LH

Stjórnir LSR og LH fólu Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna miðað við árslok 2000. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysluverðs. Hjá B-deild LSR, alþingismanna-deild, ráðherradeild og LH er gert ráð fyrir að launahækkanir séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og ávöxtun 2% umfram launahækkanir. Einnig er fjallað um tryggingafræðilegar úttektir í skýringum með ársreikningum sjóðanna.

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum B-deildar LSR

Samkvæmt útreikningi Talnakönnunar hf. voru skuldbindingar B-deildar LSR 236,4 ma.kr. í árslok 2000 en voru 199,6 ma.kr árið áður, sem er 18,4% hækkun milli ára.

Um síðustu áramót var skrifað undir nýja kjarasamninga við grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Samningarnir fólu í sér kerfisbreytingu á þann veg að hluti af yfirvinnu- og aukagreiðslum til kennara var felldur inn í dagvinnulaunin. Þar sem um kerfisbreytingu var að ræða varð að taka tillit til hennar í úttektinni þó að megnið af henni kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2001. Réttindi hjá B-deild eru reiknuð sem hlutfall af dagvinnulaunum og hefur slík kerfisbreyting því áhrif á réttindi allra kennara, hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna sem er gefin út af Hagstofu Íslands hækkaði um rúm 8% á árinu 2000. Með því að taka tillit til kerfisbreytingar á launum kennara inn á árið 2000 jafngildir það því að vísitalan hefði hækkað um rúm 15% á árinu. Kerfisbreytingin hækkar skuldbindingar B-deildar um 19,3 ma.kr. á árinu 2000 og hefur þá að fullu verið tekið tillit til hennar.

Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2000 skiptist eftir tegundum launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2000.

Á árunum 1997-1999 voru gerðir sambærilegir kjarasamningar við önnur stéttarfélög starfsmanna er greiða til B-deildar. Skuldbinding sjóðsins hefur þ.a.l. hækkað mikið á umræddu tímabili vegna framangreindra launabreytinga og þá aðallega á árinu 1998 og svo aftur á árinu 2000 vegna kjarasamninga við kennara. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hefur hækkað um rúm 50% frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2000 eða um 57% sé tekið tillit til kerfisbreytingar hjá kennurum. Skuldbindingar B-deildar voru 135,4 ma.kr. í árslok 1996 og hafa því hækkað um 75% á undanförnum 4 árum. Eignir sjóðsins hafa hins vegar rúmlega tvöfaldast á sama tímabili og stafar það m.a. af uppgjörum og innborgunum vegna skuldbindinga.

| **ÁFALLIN SKULDBINDING Í ÁRSLOK 2000, B-DEILD LSR** | **Fjárhæð mkr.** |
|---|---|
| A-hluta ríkisstofnanir | 83.873 |
| B-hluta ríkisstofnanir | 1.327 |
| C-hluta ríkisstofnanir | 1.460 |
| Einkavæddar ríkisstofnanir | 1.793 |
| Einstaklingar (staða lögð niður) | 335 |
| Framhaldsskólar | 15.032 |
| Fræðslu- og skólaskrifstofur | 194 |
| Grunnskólar fyrir 01.08.1996 | 50.523 |
| Grunnskólar eftir 01.08.1996 | 6.979 |
| Heilsugæslu- og heilsuverndarstöðvar | 2.895 |
| Sjúkrahús og heilbrigðsstofnanir | 17.123 |
| Sparisjóðir | 1.171 |
| Stéttarfélög | 530 |
| Stjórnmálaflokkar | 239 |
| Stofnanir í samrekstri ríkis og sveitarfél. | 343 |
| Sveitarfélög, sveitarsjóðir | 9.435 |
| Uppgreiddar skuldbindingar | 29.050 |
| Ýmsir með bakábyrgð sveitarfélaga | 4.541 |
| Ýmsir séraðilar | 9.524 |
| **Samtals** | **236.367** |

| **BREYTING ÁFALLINNAR SKULDBINDINGAR, B-DEILD LSR** | **Fjárhæð mkr.** |
|---|---|
| Skuldbinding í árslok 1999 | 199.597 |
| Vextir 2% | 3.992 |
| Nýjar skuldbindingar | 6.908 |
| Launahækkanir | 31.985 |
| Lífeyrisgreiðslur á árinu | (6.115) |
| **Skuldbinding í árslok 2000** | **236.367** |

## Skuldbindingar launagreiðenda vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna B-deildar LSR

Samkvæmt lögum um B-deild LSR endurgreiða launagreiðendur sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur.

Sá hluti skuldbindinga B-deildar LSR sem launagreiðendur eiga að standa undir skv. þessu ákvæði var metinn 108,2 ma.kr. í árslok 2000 eða um 46,5% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 92,8 ma.kr. í árslok 1999 og hækkuðu því um 16,7% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður og ríkisstofnanir.

Í ársreikningi B-deildar LSR eru kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana ekki færðar sem hluti af efnahagsreikningi. Þess í stað er getið um þessar kröfur sem eignir utan efnahagsreiknings.

## Eign til greiðslu á lífeyri í B-deild LSR

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign B-deildar LSR í árslok 2000 63,1 ma.kr. samanborið við 52,8 ma.kr. árið á undan. Hækkunin nemur 19,5% milli ára. Til viðbótar á sjóðurinn áðurnefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 108,2 ma.kr. Samtals eru þessar eignir 171,3 ma.kr. Við mat á eign til greiðslu lífeyris þarf að taka tillit til þeirra verðbréfa í eigu sjóðsins sem bera vexti umfram þau 3,5% sem notuð eru í tryggingafræðilegri úttekt. Þetta fer þannig fram að teknar eru afborganir og vextir af verðbréfasafni sjóðsins þar til það er honum að fullu greitt og þær greiðslur núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun. Með þessu endurmati verður eign B-deildar LSR í verðbréfum 7,9 milljörðum hærri en bókfært verð þeirra, að frádregnu núvirði fjárfestingarkostnaðar. Endurmetnar eignir sjóðsins teljast því vera 178,2 ma.kr. að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 76% af áfallinni skuldbindingu hans. Samkvæmt 32. gr. laga um sjóðinn ber ríkissjóður ábyrgð á greiðslu lífeyris úr sjóðnum. Á þá ábyrgð reynir hins vegar ekki nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs var samkvæmt úttekt á sjóðnum í árslok 2000 metin 57,1 ma.kr. eða 24% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins, að teknu tilliti til endurmats verðbréfa og krafna á launagreiðendur. Undanfarin 2 ár hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn umfram lagaskyldu. Í árslok 2000 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð hans við sjóðinn 15,5 milljörðum. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum sjóðsins í árslok 2000.

| **HLUTDEILD ÁBYRGÐARAÐILA Í ÁFALLINNI SKULDBINDINGU B-DEILDAR LSR Í ÁRSLOK 2000** | **Fjárhæð mkr.** | **Hlutdeild** | **Uppsöfnuð hlutdeild** |
|---|---|---|---|
| Hrein eign skv. efnahagsreikningi til greiðslu lífeyris | 63.079 | 26,7% | 26,7% |
| Endurmat á verðbréfaeign | 7.917 | 3,3% | 30,0% |
| Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. | 108.232 | 45,8% | 75,8% |
| Krafa á ríkissjóð skv. 32. gr. | 57.139 | 24,2% | 100,0% |
| **Áfallin skuldbinding skv. mati tryggingafræðinga** | **236.367** | **100,0%** | |

## Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar

Hluti launagreiðenda hefur gert upp áfallnar skuldbindingar sínar við B-deild LSR. Sjóðurinn verður að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinganna með eignum sínum án krafna á launagreiðendur. Innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn er haldið til hliðar við útreikning á eignum sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar. Viðbótariðgjald þeirra launagreiðenda sem ekki hafa gert upp skuldbindingar sínar er á sama hátt dregið frá eignum. Fjallað er sérstaklega um uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum sínum við sjóðinn aftar í skýrslunni. Af áfallinni skuldbindingu að fjárhæð 236,4 ma.kr. hafa 29 ma.kr. verið endanlega gerðir upp við sjóðinn. Óuppgerð áfallin skuldbinding var í árslok 207,3 ma.kr. og eignir sjóðsins vegna óuppgerðra skuldbindinga 24,2 ma.kr. eða um 11,7%, sem er lækkun um 2,9 prósentustig frá fyrra ári. Lækkun á hlutfalli eigna sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar má rekja til mikillar hækkunar á skuldbindingum milli ára samhliða lágri ávöxtun. Eignir sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar má sjá nánar í töflu hér að neðan.

| **EIGNIR B-DEILDAR LSR UPP Í ÓUPPGERÐAR SKULDBINDINGAR (Í MKR.)** | **Fjárhæð 2000** | | **Fjárhæð 1999** | |
|---|---|---|---|---|
| Áfallin skuldbinding samtals | 236.367 | | 199.597 | |
| Uppgerð áfallin skuldbinding | 29.026 | | 25.311 | |
| **Óuppgerð áfallin skuldbinding** | **207.341** | **100,0%** | **174.286** | **100,0%** |
| Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi | 63.079 | | 52.780 | |
| Endurmat verðbréfa | 7.917 | | 6.072 | |
| Samtals endurmetin eign | 70.996 | | 58.852 | |
| Uppfærðar aukagreiðslur ríkissjóðs | 15.523 | | 7.087 | |
| Aukagreiðslur annarra launagreiðenda | 244 | | 163 | |
| Hld. aukagreiðslna í endurmati verðbréfa | 1.978 | | 834 | |
| Samtals vegna aukagreiðslna | 17.745 | | 8.084 | |
| Bókfærð eign ásamt endurmati | 70.996 | | 58.852 | |
| Eign vegna uppgerðra skuldbindinga | (29.026) | | (25.311) | |
| Eign vegna aukagreiðslna | (17.745) | | (8.084) | |
| **Eign vegna óuppgerðra skuldbindinga** | **24.225** | **11,7%** | **25.457** | **14,6%** |



Háskóli Íslands

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum A-deildar LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar LSR í árslok 2000 var 9,7 ma.kr. og hækkaði um 61% milli ára. Hrein eign sjóðsins skv. efnahagsreikningi í árslok 2000 nam 12,5 milljörðum króna og hækkaði hún um 55% milli ára. Endurmat þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 1,3 milljörðum króna, að teknu tilliti til núvirts framtíðarfjárfestingarkostnaðar og endurmetnar eignir sjóðsins í árslok 2000 eru því 13,7 ma.kr. Eignir sjóðsins í árslok 2000 voru því 4 ma.kr. umfram skuldbindingu hans, eða 41% sem er svipað hlutfall og árið áður.

Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og vinni sér inn réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 0,1 ma.kr. eða 0,1% lægri en heildarskuldbinding hans. Þetta þýðir að skuldbinding vegna viðbótarréttinda eykst meira en sem nemur iðgjöldunum. Þetta er eðlilegt þar sem ekki er reiknað með neinni nýliðun í sjóðnum eða brottfalli virkra sjóðfélaga. Áfallin staða er jákvæð sem sýnir að fram til þessa á sjóðurinn vel fyrir skuldbindingum sínum enda flestir sjóðfélagar enn ungir að árum. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er einungis 38 ár. Heildarstaða sjóðsins versnar milli ára sem má rekja til ávöxtunar sjóðsins, en hún var neikvæð að raunvirði. Eins voru notaðar nokkuð rýmri reglur um framreikning réttinda en áður hefur verið og er það gert til að taka betur tillit til skuldbindinga vegna samskiptareglna lífeyrissjóða sem A-deildin er einn sjóða LSR aðili að.

Framlag launagreiðenda er í dag 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldaprósentu launagreiðenda á að endurskoða árlega. Þar sem heildarstaða A-deildar er í jafnvægi þykir ekki rétt að leggja til breytingu á framlagi launagreiðenda að svo stöddu en samkvæmt lögum um lífeyrissjóði má heildarstaða þeirra aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera utan 5% vikmarka samfellt í fimm ár.

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum lífeyrissjóða alþingismanna og ráðherra

Lífeyrissjóðir alþingismanna og ráðherra höfðu fram til ársins 1999 verið reknir sem gegnumstreymissjóðir og ríkissjóður greiddi jafnan það sem á vantaði ár hvert. Undanfarin 2 ár hefur rekstrarafgangi sjóðanna verið haldið eftir hjá þeim og þeir þannig byrjað að safna eignum upp í skuldbindingar sínar, þó í litlum mæli sé. Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs alþingismanna var 3,4 ma.kr. í árslok 2000 og hækkaði hún um 0,2% frá fyrra ári. Eignir sjóðsins upp í skuldbindingar eru óverulegar eða um 2,2% af áfallinni skuldbindingu. Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs ráðherra var 0,7 ma.kr. í árslok 2000 og hækkaði hún um 4,3% frá fyrra ári. Eignir sjóðsins upp í skuldbindingar eru einnig óverulegar eða um 1,8% af áfallinni skuldbindingu.



Stjórnarráðshúsið

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum LH

Samkvæmt útreikningi Talnakönnunar hf. voru skuldbindingar LH 25,2 ma.kr. í árslok 2000 en voru 21,6 ma.kr. árið áður, sem er 17% hækkun milli ára.

Eins og áður hefur komið fram fólu kjarasamningar kennara í sér kerfisbreytingu á þann veg að hluti af yfirvinnu- og aukagreiðslum til kennara var felldur inn í dagvinnulaunin. Áhrifin á stöðu LH eru óbein og koma fram í gegnum hækkun á vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn. Kerfisbreyting vegna kennara hækkar skuldbindingar LH um 0,5 ma.kr. á árinu 2000 og hefur þá að fullu verið tekið tillit til hennar.

Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2000 skiptist eftir tegundum launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2000.

| **ÁFALLIN SKULDBINDING Í ÁRSLOK 2000, LH** | **Fjárhæð mkr.** |
|---|---|
| A-hluta ríkisstofnanir | 1.750 |
| Heilsugæslu- og heilsuverndarstöðvar | 2.036 |
| Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir | 17.676 |
| Stéttarfélög | 58 |
| Sveitarfélög, sveitarsjóðir | 967 |
| Ýmsir með bakábyrgð sveitarfélaga | 224 |
| Ýmsir séraðilar | 2.301 |
| Annað | 209 |
| **Samtals** | **25.221** |

| **BREYTING ÁFALLINNAR SKULDBINDINGAR, LH** | **Fjárhæð mkr.** |
|---|---|
| Skuldbinding í árslok 1999 | 21.555 |
| Vextir 2% | 431 |
| Nýjar skuldbindingar | 441 |
| Launahækkanir | 3.220 |
| Lífeyrisgreiðslur á árinu | (426) |
| **Skuldbinding í árslok 2000** | **25.221** |

Á árunum 1997-1999 breyttist samsetning á launum hjúkrunarfræðinga skv. gerðum kjarasamningum þannig að vægi dagvinnulauna í heildarlaunum jókst. Þar sem skuldbindingar sjóðsins miðast við dagvinnulaun hafa skuldbindingar hans hækkað mikið á umræddu tímabili vegna framangreindra launabreytinga og þá sérstaklega á árinu 1998 og svo aftur á árinu 2000, m.a. vegna kjarasamninga við kennara. Samskonar breytingar hafa verið gerðar á samsetningu launa hjá sjóðfélögum í B-deild LSR.

Þegar dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga breytast hefur það bein áhrif á skuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega á eftirmannsreglu. Skuldbindingar vegna lífeyrisþega á meðaltalsreglu og sjóðfélaga með geymd réttindi, þ.m.t. þeirra sem fluttu sig yfir í A-deild LSR, miðast hins vegar við meðaltalshækkanir dagvinnulauna allra opinberra starfsmanna.

Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hefur hækkað um rúm 50% frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2000 eða 57% sé tekið tillit til kerfisbreytingar hjá kennurum. Skuldbindingar LH voru 14,8 ma.kr. í árslok 1996 og hafa því hækkað um 70% á undanförnum 4 árum. Eignir sjóðsins hafa hins vegar tæplega tvöfaldast á sama tímabili og stafar það m.a. af innborgunum vegna skuldbindinga.

## Skuldbindingar launagreiðenda vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna LH

Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga endurgreiða launagreiðendur sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur.

Sá hluti skuldbindinga LH sem launagreiðendur eiga að standa undir, samkvæmt þessu ákvæði var metinn 12,3 ma.kr. í árslok 2000 eða um 48,8% af skuldbindingum sjóðsins. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður og ríkisstofnanir.

Í ársreikningi LH eru kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana ekki færðar sem hluti af efnahagsreikningi. Þess í stað er getið um þessar kröfur sem eignir utan efnahagsreiknings.

## Eign til greiðslu á lífeyri í LH

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign LH í árslok 2000 7,5 ma.kr. samanborið við 6,3 ma.kr. árið á undan. Hækkunin nemur 18,8% milli ára. Til viðbótar á sjóðurinn áðurnefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 12,3 ma.kr. Samtals eru þessar eignir 19,8 ma.kr. Við mat á eign til greiðslu lífeyris þarf að taka tillit til þeirra verðbréfa í eigu sjóðsins sem bera vexti umfram þau 3,5% sem notuð eru í tryggingafræðilegri úttekt. Þetta fer þannig fram að teknar eru afborganir og vextir af verðbréfasafni sjóðsins þar til það er honum að fullu greitt og þær greiðslur núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun. Með þessu endurmati verður eign LH í verðbréfum 0,8 milljörðum króna hærri en bókfært verð þeirra, að frádregnu núvirði fjárfestingarkostnaðar. Endurmetnar eignir sjóðsins teljast því vera 20,6 ma.kr. að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 81,8% af áfallinni skuldbindingu hans. Samkvæmt 18. gr. laga um sjóðinn bera ríkissjóður og aðrir launagreiðendur ábyrgð á greiðslu lífeyris úr sjóðnum. Á þá ábyrgð reynir hins vegar ekki nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda var skv. úttekt á sjóðnum í árslok 2000 metin 4,6 ma.kr. eða 18,2% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins, að teknu tilliti til endurmats verðbréfa og krafna á launagreiðendur. Undanfarin 2 ár hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn umfram lagaskyldu. Í árslok 2000 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð hans við sjóðinn 1,8 milljörðum króna en innborganir annarra launagreiðenda námu 0,1 ma.kr. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum sjóðsins í árslok 2000.

| **HLUTDEILD ÁBYRGÐARAÐILA Í ÁFALLINNI SKULDBINDINGU LH Í ÁRSLOK 2000** | **Fjárhæð mkr.** | **Hlutdeild** | **Uppsöfnuð hlutdeild** |
|---|---|---|---|
| Hrein eign skv. efnahagsreikningi til greiðslu lífeyris | 7.505 | 29,8% | 29,8% |
| Endurmat á verðbréfaeign | 817 | 3,2% | 33,0% |
| Krafa á launagreiðendur skv. 20. gr. | 12.308 | 48,8% | 81,8% |
| Krafa á launagreiðendur og ríkissjóð skv. 18. gr. | 4.591 | 18,2% | 100,0% |
| **Áfallin skuldbinding skv. mati tryggingafræðinga** | **25.221** | **100,0%** | |

## Eignir LH upp í óuppgerðar skuldbindingar

Hrein eign sjóðsins skv. efnahagsreikningi í árslok 2000 var 7,5 ma.kr. og endurmat verðbréfa eins og og áður sagði 0,8 ma.kr. Við útreikning á eignum sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar er innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn haldið til hliðar. Viðbótariðgjald annarra launagreiðenda er á sama hátt dregið frá eignum. Frádráttur vegna aukainnborgana launagreiðenda inn á skuldbindingar nam samtals 2,1 ma.kr. í árslok 2000 en nánar er fjallað um þær aftar í skýrslunni.

Enginn launagreiðandi hefur enn sem komið er gert formlega upp skuldbindingar sínar við sjóðinn, en þær voru eins og áður sagði 25,2 ma.kr. í árslok 2000. Eignir sjóðsins upp í áfallnar skuldbindingar voru 6,2 ma.kr. í árslok 2000 eða um 24,5% af skuldbindingunni sem er lækkun um 3 prósentustig frá fyrra ári. Lækkun á hlutfalli eigna sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar má rekja til mikillar hækkunar á skuldbindingum milli ára samhliða lágri ávöxtun. Þetta má sjá nánar í töflu á næstu síðu.

| **EIGNIR LH UPP Í ÓUPPGERÐAR SKULDBINDINGAR (Í MKR.)** | **Fjárhæð 2000** | | **Fjárhæð 1999** | |
|---|---|---|---|---|
| Áfallin skuldbinding samtals | 25.221 | | 21.555 | |
| **Óuppgerð áfallin skuldbinding** | **25.221** | **100,0%** | **21.555** | **100,0%** |
| Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi | 7.505 | | 6.320 | |
| Endurmat verðbréfa | 817 | | 686 | |
| Samtals endurmetin eign | 8.322 | | 7.006 | |
| Uppfærðar aukagreiðslur ríkissjóðs | 1.834 | | 928 | |
| Aukagr. annarra launagreiðenda | 89 | | 53 | |
| Hld. aukagreiðslna í endurmati verðbréfa | 209 | | 106 | |
| Samtals vegna aukagreiðslna | 2.132 | | 1.087 | |
| Bókfærð eign ásamt endurmati | 8.322 | | 7.006 | |
| Eign vegna aukagreiðslna | (2.132) | | (1.087) | |
| **Eign vegna óuppgerðra skuldbindinga** | **6.190** | **24,5%** | **5.919** | **27,5%** |

## Hrein eign LSR og LH samtals til greiðslu lífeyris

Frá árslokum 1991 til ársloka 2000 hafa eignir LSR og LH skv. ársreikningum sjóðanna aukist úr 18,3 milljörðum króna í 83,6 milljarða, á verðlagi hvers árs fyrir sig. Aukning eigna hefur verið mikil undanfarin 5 ár en hún var bæði minni og jafnari árin 5 þar á undan. Hraðari aukning eigna stafar aðallega af uppgjörum launagreiðenda á skuldbindingum sínum við B-deild LSR, innborgunum launagreiðenda inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH ásamt tilkomu A-deildar LSR, þar sem iðgjaldaprósentan er hærri og iðgjald greitt af öllum launum.

Á árinu 1996 var lögum um B-deild LSR breytt á þann hátt að launagreiðendum er nú heimilt að gera upp lífeyrisskuldbindingar sínar við sjóðinn. Á árinu 1996 námu greiðslur vegna uppgjöra á skuldbindingum við B-deild LSR rúmum 8 milljörðum króna, 0,5 milljörðum á árinu 1997 og 0,9 milljörðum á árinu 1998. Á árinu 2000 námu innborganir launagreiðenda til LSR og LH vegna uppgjörs á skuldbindingum og uppgjör á skuldbindingum við B-deild samtals 9,2 milljörðum en voru 12,8 milljarðar króna árið 1999. Af þessum fjárhæðum námu innborganir ríkissjóðs 8,6 milljörðum á árinu 2000 en voru 7,8 milljarðar á árinu 1999. Fjallað er sérstaklega um uppgjör á skuldbindingum í kaflanum hér á eftir.

Á miðju ári 1997 fengu sjóðirnir fyrst heimild til fjárfestingar í hlutabréfum. Hlutabréfaeign sjóðanna gaf af sér góða ávöxtun á árunum 1998-1999 og stuðlaði það að aukinni eign sjóðanna á þeim árum. Ástand á hlutabréfamörkuðum var hins vegar slæmt á árinu 2000 og dró neikvæð ávöxtun hlutabréfa úr eignaaukningu sjóðanna á síðasta ári. Nánari umfjöllun um ávöxtun má finna í kafla um fjárfestingar framar í skýrslunni.



# Uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum

Launagreiðendur hafa í auknum mæli gert upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR og bera þeir þá ekki frekari skuldbindingu gagnvart sjóðnum vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til. Skuldbinding sem gerð er upp með þessum hætti er byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Innheimta lífeyrishækkana gagnvart viðkomandi launagreiðanda fellur niður frá og með uppgjörsdegi.

Uppgerðar skuldbindingar í árslok 2000 og 1999 má sjá í töflu hér að neðan.

| **UPPGERÐAR SKULDBINDINGAR Í ÁRSLOK VIÐ B-DEILD LSR** | **2000 mkr.** | **1999 mkr.** |
|---|---|---|
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) | 1.550 | 1.384 |
| Íbúðalánasjóður (ásamt Byggingarsjóði ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins) | 634 | 564 |
| Íslandspóstur hf | 640 | 432 |
| Íslandssíld hf. (Síldarútvegsnefnd) | 261 | 240 |
| Landssíminn hf. (ásamt Pósti og síma hf.) | 19.051 | 16.752 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 118 | 101 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | 1.978 | 1.796 |
| Ríkisútvarpið | 3.431 | 3.077 |
| Samábyrgðin hf | 290 | 0 |
| Sementsverksmiðjan hf | 662 | 598 |
| Skýrr hf | 411 | 367 |
| **Uppgert samtals** | **29.026** | **25.311** |

## Uppgjör skuldbindinga sem fóru fram á árinu 2000

Mun minna var um heildaruppgjör stofnana á skuldbindingum sínum við B-deild LSR á árinu 2000 en árið á undan. Samábyrgðin hf. gerði upp 267 mkr. skuldbindingu sína við sjóðinn á árinu 2000. Uppgjörið miðaðist við skuldbindinguna eins og hún stóð 30. júní 2000. Skuldbindingin var gerð upp með skuldabréfi og komu eignir sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar til frádráttar á greiddri fjárhæð ásamt núvirðingu skuldabréfsins, þar sem það bar hærri vexti en tryggingafræðilegar forsendur uppgjörsins miðuðu við.

Forsendur við uppgjör lífeyrisskuldbindinga eru þær sömu og við tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum, þ.e. að launahækkanir séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og að ávöxtun eigna verði 2,0% umfram launahækkanir. Um langtímaforsendur er að ræða þannig að ef litið er til skamms tíma getur þróunin verið önnur. Sé skuldbindingin gerð upp með útgáfu skuldabréfs getur fjárhæð bréfsins verið önnur en skuldbindingin sem gera á upp, allt eftir því hvaða vextir eru á bréfinu. Núvirt greiðslustreymi bréfsins miðað við 3,5% vexti er þó alltaf sama fjárhæð og skuldbindingin sem gera á upp. Ef vextir skuldabréfsins eru hærri en 3,5% er höfuðstóll bréfsins lægri en skuldbindingin.

## Árleg uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum

Stofnanir og fyrirtæki sem áður hafa gert upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR hafa flestar haldið áfram að greiða iðgjöld til sjóðsins vegna þeirra starfsmanna sem voru í starfi þegar upphaflegt uppgjör á skuldbindingum fór fram. Í þeim tilfellum heldur áfram að myndast skuldbinding og er hún gerð upp árlega skv. sérstöku samkomulagi. Frá uppgjöri á skuldbindingu undangengins árs eru dregin iðgjöld sem greidd voru vegna ársins auk viðbótariðgjalda. Uppgjör á skuldbindingum vegna réttinda sem mynduðust á árinu 2000 fór fram við neðangreindar stofnanir og fyrirtæki á árinu 2001.

| **UPPGJÖR ÁRLEGRAR SKULDBINDINGAR VIÐ B-DEILD LSR VEGNA RÉTTINDA Á ÁRINU 2000** | **Skuldbinding ársins 2000 mkr.** | **10% iðgjöld (lögbundin) mkr.** | **Viðbótariðgjöld mkr.** | **Uppgert á árinu 2001 mkr.** |
|---|---|---|---|---|
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | 31,2 | 11,2 | 12,6 | 7,4 |
| Íbúðalánasjóður | 11,5 | 3,5 | 3,1 | 4,9 |
| Íslandspóstur hf | 204,5 | 74,5 | 12,9 | 117,1 |
| Landssíminn hf | 165,8 | 57,8 | 10,5 | 97,5 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 1,0 | 0,4 | 0,4 | 0,2 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | 33,2 | 12,1 | 15,3 | 5,8 |
| Ríkisútvarpið | 53,9 | 21,9 | 22,2 | 9,8 |
| Samábyrgðin hf | 1,0 | 0,6 | 0,0 | 0,4 |
| Sementsverksmiðjan hf | 4,5 | 1,4 | 0,0 | 3,1 |
| Skýrr hf | 0,6 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| **Samtals** | **507,2** | **183,6** | **77,2** | **246,4** |

## Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Á árinu 1999 var tryggingafræðingi sjóðanna falið að reikna framtíðarsjóðstreymi B-deildar LSR og LH. Vinnan var unnin að frumkvæði stjórnar LSR og LH og í samvinnu við fjármálaráðuneytið. Niðurstaða þeirrar úttektar var sú að eignir B-deildar LSR yrðu uppurnar eftir u.þ.b. 15 ár og eignir LH eftir rúm 17 ár að öllu óbreyttu. Við það að eignir sjóðanna tæmist myndu greiðslur úr þeim að öllu leyti falla á launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína hjá sjóðunum og ríkissjóð vegna bakábyrgðar hans. Launagreiðendur í LH bera einnig bakábyrgð ásamt ríkissjóði. Á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur til sjóðanna umfram lagaskyldu og hefur verið framhald á þeim greiðslum til dagsins í dag. Áframhaldandi greiðslur eru háðar stöðu ríkissjóðs og ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni.

Innborganir ríkissjóðs styrkja fjárhagsstöðu sjóðanna og gera þeim kleift að mæta skuldbindingum vegna sjóðfélaga sinna með eignum sínum til lengri tíma en annars hefði orðið. Markmið ríkissjóðs með þessu er að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðina til langs tíma, þannig að fastar árlegar heildargreiðslur hans til sjóðanna næstu ár og áratugi verði sem jafnastar að tiltölu við launakostnað ríkisins vegna þeirra starfsmanna sem greiða í sjóðina. Með þessu er einnig skapaður grundvöllur fyrir því að aðrir launagreiðendur en ríkið geti greitt inn á framtíðarskuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum með sambærilegum hætti eða gert þær upp.

Á árinu 1999 var undirritaður samningur milli sjóðanna og ríkissjóðs um hvernig farið skyldi með þessa fjármuni hjá sjóðunum. Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt skv. samkomulaginu eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun sjóðanna. Innborganir ríkissjóðs mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar á skuldbindingum ríkissjóðs. Inneignin hefur hins vegar engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjörs á þeim. Innborganir ríkissjóðs geta verið ýmist í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara, sem sjóðurinn hefði annars skilað til ríkissjóðs. Í töflu efst á næstu síðu má sjá innborganir ríkissjóðs á árunum 1999-2000 inn á skuldbindingar sínar við sjóðina ásamt uppfærslu fjárhæðarinnar í árslok.

| INNBORGANIR RÍKISSJÓÐS INN Á SKULDBINDINGAR (Í mkr.) | B-deild LSR | | Lsj. hjúkrunarfr. | |
|---|---|---|---|---|
| | 2000 | 1999 | 2000 | 1999 |
| Inneign í ársbyrjun | 7.086,5 | 0,0 | 928,5 | 0,0 |
| Aukaframlög ríkissjóðs | 6.300,0 | 5.333,5 | 700,0 | 666,5 |
| Viðbótariðgjöld (A-hluti ríkissjóðs) | 1.139,4 | 1.223,3 | 143,1 | 204,2 |
| Viðbót v/grunnskólakennara | 327,9 | 326,4 | | |
| Uppfærsla v/vaxta og verðbóta | 668,8 | 203,3 | 62,8 | 57,8 |
| **Samtals inneign í árslok** | **15.522,6** | **7.086,5** | **1.834,4** | **928,5** |

## Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að ríkisstofnunum í B- og C-hluta ríkissjóðs og sjálfseignarstofnunum, sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, sé skylt að greiða viðbótariðgjald umfram 10% lögbundið iðgjald af dagvinnulaunum til B-deildar LSR og LH. Markmiðið með greiðslu viðbótariðgjalds er að greiðslurnar gangi upp í samtímaskuldbindingu einstakra stofnana gagnvart sjóðunum. Til skoðunar er jafnframt að þessar stofnanir geri upp eldri skuldbindingar sínar. Flestar þær stofnanir sem gert hafa upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR greiða viðbótariðgjald sem kemur þá til lækkunar við uppgjör á árlegri skuldbindingu. Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda (utan A-hluta ríkissjóðs) voru sem segir í töflunni hér að neðan.

| VIÐBÓTARIÐGJÖLD ANNARRA LAUNAGREIÐENDA (Í mkr.) | B-deild LSR | | Lsj. hjúkrunarfr. | |
|---|---|---|---|---|
| | 2000 | 1999 | 2000 | 1999 |
| Óráðstafað viðbótariðgjald frá fyrra ári | 163,3 | 134,7 | 53,5 | 20,6 |
| Viðbótariðgjöld ársins | 157,3 | 169,7 | 35,1 | 32,9 |
| Ráðstafað v/ uppgjörs skuldbindinga | (77,0) | (141,1) | 0,0 | 0,0 |
| **Inneign launagreiðenda í árslok** | **243,6** | **163,3** | **88,6** | **53,5** |



Hæstiréttur Íslands

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2000

| | A-deild LSR | B-deild LSR |
|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | 1.081.989 | 736.225 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 3.110.498 | 1.212.166 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | (1.866) | (1.247) |
| Lífeyrishækkanir | 0 | 2.506.210 |
| Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar | 0 | 499.350 |
| Innborganir launagreiðenda inn á skuldbindingar | 0 | 7.847.635 |
| **Iðgjöld alls** | **4.190.621** | **12.800.338** |
| **Lífeyrir** | | |
| Lífeyrir | 11.433 | 6.114.501 |
| Kostnaður vegna örorkumats | 49 | 1.557 |
| **Lífeyrir alls** | **11.482** | **6.116.059** |
| **Fjárfestingartekjur** | | |
| Fjárfestingartekjur af hlutabréfum | (342.801) | (923.535) |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 599.448 | 4.647.630 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | (388.560) | (2.291.942) |
| **Fjárfestingartekjur alls** | **(131.913)** | **1.432.152** |
| **Fjárfestingargjöld** | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 13.847 | 30.511 |
| Vaxtagjöld | 2.560 | 2.590 |
| Tap af sölu fjárfestinga | 0 | (19) |
| **Fjárfestingargjöld alls** | **16.407** | **33.082** |
| **Rekstrarkostnaður** | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 7.935 | 73.268 |
| Annar kostnaður | 2.332 | 2.332 |
| **Rekstrarkostnaður alls** | **10.267** | **75.600** |
| **Önnur gjöld** | | |
| Tapaðar kröfur | 0 | 3.800 |
| **Önnur gjöld alls** | **0** | **3.800** |
| **Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar** | 4.020.552 | 8.003.951 |
| **Matsbreytingar** | 391.433 | 2.294.815 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | 4.411.985 | 10.298.766 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | 8.065.388 | 52.780.488 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **12.477.373** | **63.079.254** |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Samstæðuyfirlit LSR & LH

| Alþingism.- deild LSR | Ráðherra- deild LSR | Séreignar- deild LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.- fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| 9.493 | 1.426 | 240.783 | 2.069.917 | 74.432 | 2.144.349 |
| 14.240 | 2.140 | 29.834 | 4.368.878 | 120.561 | 4.489.439 |
| 0 | 0 | (406) | (3.519) | (250) | (3.769) |
| 173.176 | 26.437 | 0 | 2.705.823 | 206.439 | 2.912.262 |
| 0 | 0 | 0 | 499.350 | 0 | 499.350 |
| 15.366 | 2.353 | 0 | 7.865.354 | 878.187 | 8.743.541 |
| **212.275** | **32.356** | **270.211** | **17.505.803** | **1.279.369** | **18.785.172** |
| | | | | | |
| 180.309 | 26.437 | 607 | 6.333.288 | 426.241 | 6.759.529 |
| 0 | 0 | 0 | 1.607 | 122 | 1.729 |
| **180.309** | **26.437** | **607** | **6.334.894** | **426.362** | **6.761.256** |
| | | | | | |
| 0 | 0 | (41.536) | (1.307.873) | (143.825) | (1.451.698) |
| 5.679 | 953 | 1.276 | 5.254.986 | 488.327 | 5.743.313 |
| (2.268) | (388) | (17.394) | (2.700.552) | (272.362) | (2.972.914) |
| **3.410** | **565** | **(57.654)** | **1.246.562** | **72.141** | **1.318.703** |
| | | | | | |
| 66 | 0 | 0 | 44.424 | 4.584 | 49.008 |
| 0 | 0 | 61 | 5.210 | 573 | 5.783 |
| 0 | 0 | 0 | (19) | 0 | (19) |
| **66** | **0** | **61** | **49.616** | **5.157** | **54.773** |
| | | | | | |
| 1.615 | 334 | 487 | 83.639 | 7.482 | 91.121 |
| 0 | 0 | 0 | 4.664 | 518 | 5.182 |
| **1.615** | **334** | **487** | **88.303** | **8.000** | **96.303** |
| | | | | | |
| 0 | 0 | 0 | 3.800 | 0 | 3.800 |
| **0** | **0** | **0** | **3.800** | **0** | **3.800** |
| | | | | | |
| 33.695 | 6.151 | 211.403 | 12.275.752 | 911.990 | 13.187.742 |
| 2.268 | 388 | 17.394 | 2.706.298 | 273.000 | 2.979.298 |
| 35.963 | 6.539 | 228.797 | 14.982.050 | 1.184.990 | 16.167.040 |
| 39.776 | 6.627 | 213.565 | 61.105.844 | 6.319.783 | 67.425.627 |
| **75.739** | **13.166** | **442.362** | **76.087.894** | **7.504.773** | **83.592.667** |

# Efnahagsreikningur 31.12.2000

## Eignir

| | A-deild LSR | B-deild LSR |
|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | |
| Húseign og lóð | 66.356 | 66.356 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 4.430.489 | 11.925.399 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 4.776.815 | 38.945.170 |
| Veðlán | 3.175.355 | 12.138.148 |
| Aðrar fjárfestingar | 500 | 8.847 |
| **Fjárfestingar alls** | **12.449.515** | **63.083.920** |
| **Kröfur** | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 120.214 | 311.431 |
| ýmsar kröfur | 3.916 | 5.794 |
| **Kröfur alls** | **124.130** | **317.225** |
| **Aðrar eignir** | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 7.710 | 7.710 |
| Sjóður og bankainnistæður | 27.130 | 230.538 |
| **Aðrar eignir alls** | **34.840** | **238.249** |
| **Eignir samtals** | **12.608.484** | **63.639.394** |

## Skuldir

| | A-deild LSR | B-deild LSR |
|---|---|---|
| **Skuldbindingar** | | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | 1.946 | 9.582 |
| **Skuldbindingar alls** | **1.946** | **9.582** |
| **Viðskiptaskuldir** | | |
| Skuldabréfalán | 26.797 | 26.797 |
| Aðrar skuldir | 102.367 | 523.761 |
| **Viðskiptaskuldir alls** | **129.165** | **550.558** |
| **Skuldir samtals** | **131.111** | **560.140** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **12.477.373** | **63.079.254** |

### Eignir utan efnahagsreiknings

| | A-deild LSR | B-deild LSR |
|---|---|---|
| Krafa á launagreiðendur skv. 33/20. gr. | | **108.232.218** |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Samstæðuyfirlit LSR & LH

| Alþingism.-deild LSR | Ráðherra-deild LSR | Séreignar-deild LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.-fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| 0 | 0 | 0 | 132.713 | 14.746 | 147.459 |
| 0 | 0 | 426.528 | 16.782.416 | 1.896.871 | 18.679.287 |
| 0 | 0 | 20.113 | 43.742.099 | 4.547.034 | 48.289.133 |
| 30.815 | 0 | 0 | 15.344.317 | 1.057.101 | 16.401.418 |
| 0 | 0 | 0 | 9.347 | 0 | 9.347 |
| **30.815** | **0** | **446.641** | **76.010.891** | **7.515.752** | **83.526.643** |
| | | | | | |
| 11 | 0 | 0 | 431.656 | 49.464 | 481.120 |
| 0 | 0 | 506 | 10.215 | 1.047 | 11.262 |
| **11** | **0** | **506** | **441.872** | **50.511** | **492.383** |
| | | | | | |
| 0 | 0 | 0 | 15.420 | 1.713 | 17.133 |
| 45.059 | 13.187 | 1.152 | 317.067 | (5.349) | 311.718 |
| **45.059** | **13.187** | **1.152** | **332.487** | **(3.636)** | **328.851** |
| | | | | | |
| **75.885** | **13.187** | **448.300** | **76.785.250** | **7.562.627** | **84.347.877** |
| | | | | | |
| 124 | 21 | 0 | 11.673 | 1.079 | 12.752 |
| **124** | **21** | **0** | **11.673** | **1.079** | **12.752** |
| | | | | | |
| 0 | 0 | 0 | 53.595 | 5.955 | 59.550 |
| 22 | 0 | 5.938 | 632.089 | 50.819 | 682.908 |
| **22** | **0** | **5.938** | **685.683** | **56.774** | **742.457** |
| | | | | | |
| **146** | **21** | **5.938** | **697.357** | **57.853** | **755.210** |
| | | | | | |
| **75.739** | **13.166** | **442.362** | **76.087.894** | **7.504.773** | **83.592.667** |
| | | | | | |
| | | | **108.232.218** | **12.308.076** | **120.540.294** |

# Sjóðstreymi fyrir árið 2000

| | A-deild LSR | B-deild LSR |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 4.164.311 | 12.834.164 |
| Fjárfestingartekjur | 338.648 | 1.490.742 |
| Afborganir verðbréfa | 233.334 | 3.370.016 |
| Seld verðbréf m/breytilegum tekjum | 131.623 | 24.000 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 39.156 | 448.289 |
| Aðrar inngreiðslur | 0 | 0 |
| **Inngreiðslur** | **4.907.073** | **18.167.212** |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 11.364 | 6.088.128 |
| Fjárfestingargjöld | 13.864 | 29.140 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 11.934 | 60.673 |
| Aðrar útgreiðslur | 0 | 0 |
| **Útgreiðslur** | **37.161** | **6.177.942** |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | **4.869.912** | **11.989.270** |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréf m/breytilegum tekjum | 2.062.513 | 6.679.492 |
| Kaup á verðbréfum m/föstum tekjum | 1.068.064 | 3.782.227 |
| Ný veðlán og útlán | 1.915.304 | 2.169.611 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3.754 | 6.336 |
| **Ráðstöfun alls** | **5.049.634** | **12.637.666** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **(179.722)** | **(648.397)** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 206.852 | 878.935 |
| **Handbært fé í árslok** | **27.130** | **230.538** |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Samstæðuyfirlit LSR & LH

| Alþingism.- deild LSR | Ráðherra- deild LSR | Séreignar- deild LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.- fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| 212.694 | 32.067 | 270.211 | 17.513.449 | 1.270.804 | 18.784.253 |
| 4.262 | 953 | 1.004 | 1.835.609 | 216.214 | 2.051.823 |
| 893 | 0 | 568 | 3.604.811 | 366.977 | 3.971.788 |
| 0 | 0 | 221.511 | 217.887 | 4.000 | 221.887 |
| 0 | 0 | 0 | 487.445 | 31.049 | 518.494 |
| 0 | 0 | 5.247 | 5.247 | 0 | 5.247 |
| **217.849** | **33.020** | **498.542** | **23.664.449** | **1.889.043** | **25.553.492** |
| | | | | | |
| 180.309 | 26.437 | 607 | 6.306.845 | 426.362 | 6.733.207 |
| 66 | 0 | 191 | 43.262 | 5.191 | 48.453 |
| 1.557 | 326 | 0 | 74.489 | 7.079 | 81.568 |
| 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **181.932** | **26.763** | **798** | **6.424.596** | **438.632** | **6.863.228** |
| | | | | | |
| **35.917** | **6.258** | **497.743** | **17.239.853** | **1.450.411** | **18.690.264** |
| | | | | | |
| 0 | 0 | 486.592 | 9.069.350 | 917.544 | 9.986.894 |
| 0 | 0 | 10.266 | 4.860.556 | 531.789 | 5.392.345 |
| 9.826 | 0 | 0 | 4.094.740 | 155.429 | 4.250.169 |
| 0 | 0 | 0 | 10.090 | 723 | 10.813 |
| **9.826** | **0** | **496.858** | **18.034.737** | **1.605.484** | **19.640.221** |
| | | | | | |
| **26.091** | **6.258** | **886** | **(794.885)** | **(155.073)** | **(949.958)** |
| 18.968 | 6.930 | 267 | 1.111.952 | 149.724 | 1.261.676 |
| **45.059** | **13.187** | **1.152** | **317.067** | **(5.349)** | **311.718** |

# Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

# Ársreikningur 2000

# Skýrsla stjórnar

## Breytt framsetning

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er nú settur fram í einum heildarreikningi í stað ársreiknings fyrir hverja deild. Sjóðurinn er starfræktur í 5 fjárhagslega sjálfstæðum deildum. Þær eru: A-deild, B-deild, alþingismannadeild (Lsj. alþingismanna), ráðherradeild (Lsj. ráðherra) og S-deild (séreignardeild).

## Iðgjöld

Alls greiddu 32.537 sjóðfélagar iðgjald til LSR á árinu 2000 og fjölgaði þeim um 4,7% milli ára. Þar af greiða sumir sjóðfélagar til fleiri en einnar deildar, t.d. vegna séreignarsparnaðar. Fjölgun sjóðfélaga má rekja til A-deildar sjóðsins annars vegar og S-deildar hins vegar, en þar var fjölgunin hlutfallslega mest eða 24%. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 8% hjá B-deild milli ára en nýráðnir ríkisstarfsmenn greiða nú til A-deildar. Ef A- og B-deildir eru lagðar saman fjölgar greiðandi sjóðfélögum um 3% milli ára.

Lögbundin iðgjöld ársins, ásamt réttindaflutningum og endurgreiðslum, námu 6.435 mkr. og hækkuðu um 13% milli ára. Rúmlega 63% af iðgjaldagreiðslum ársins 2000 fóru til A-deildar sjóðsins en iðgjöld A-deildar jukust um 20% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til B-deildar námu 1.947 mkr. á síðasta ári og lækkuðu um 1% milli ára. Iðgjöld til S-deildar námu 270 mkr. og jukust um 42% milli ára. Iðgjöld til annarra deilda LSR eru svipuð að krónutölu og árið áður.

Í árslok 2000 áttu 22.249 sjóðfélagar skráð réttindi hjá A-deild sjóðsins og 39.045 hjá B-deild. Rétthafar hjá S-deild voru 3.960 í árslok.

## Innborganir ríkissjóðs og uppgjör skuldbindinga

Á árinu 1999 ákvað ríkissjóður að hefja greiðslur til B-deildar sjóðsins umfram lagaskyldu með það að markmiði að treysta fjárhagsstöðu hans. Með þessu er ríkissjóður að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðinn til lengri tíma, en ríkissjóður er bakábyrgur fyrir skuldbindingum hans.

Undirritaður var samningur milli ríkissjóðs og B-deildar sjóðsins um utanumhald þessara fjármuna hjá sjóðnum. Innborganir ríkissjóðs eru uppfærðar árlega og mynda inneign hjá sjóðnum sem kemur til frádráttar á skuldbindingum ríkissjóðs. Innborganir ríkissjóðs hafa hins vegar engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjörs á þeim.

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við B-deild námu 7.767 mkr. á árinu 2000 en voru 6.883 mkr. árið áður. Innborganir annarra launagreiðenda í formi viðbótariðgjalda námu 80 mkr. á árinu 2000 en voru 87 mkr. árið áður.

Uppgjör annarra launagreiðenda á lífeyrisskuldbindingum sínum gagnvart B-deild námu 499 mkr. á árinu 2000. Aðallega var um að ræða uppgjör launagreiðenda sem höfðu áður gert upp skuldbindingar sínar við sjóðinn og voru því eingöngu að greiða vegna þeirra réttinda sem bættust við á árinu 2000.

## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur LSR voru 6.333 mkr. á árinu 2000 og hækkuðu um 13,2% milli ára. Þar af voru 6.115 mkr. greiddar úr B-deild eða tæplega 97%. Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 11 mkr., alþingismannadeildar 180 mkr. og ráðherradeildar 26 mkr. Alls fengu 8.474 einstaklingar greiddan lífeyri hjá sjóðnum á árinu, en lífeyrisþegum fjölgaði hlutfallslega minna en fjárhæð lífeyrisgreiðslna nam, eða um 4,4%.

Endurgreiðslur launagreiðenda vegna lífeyrishækkana námu 2.706 mkr. á árinu og hækkuðu um 9,6% milli ára. Þar af voru 2.506 mkr. greiddar til B-deildar.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar LSR að teknu tilliti til seldra verðbréfa námu 17,3 ma.kr. á árinu 2000, þar af voru 70% fjárfestinga úr B-deild sjóðsins. Fjárfestingar LSR á árinu skiptust þannig að 49% voru fjárfest í skuldabréfum og 51% í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum. Af fjárfestingum LSR á árinu fóru 47% til kaupa á erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum.

Af fjárfestingum ársins námu ný veðlán og útlán 4,1 ma.kr. Veðlán B-deildar námu 2,2 ma.kr. eða 18% af fjárfestingum þeirrar deildar. Veðlán A-deildar námu 1,9 mö.kr. eða 39% af fjárfestingum deildarinnar. Þetta er helmingi hærra hlutfall en hjá B-deild sjóðsins.

## Ávöxtun

Hrein raunávöxtun sjóðsins, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 1,5% á árinu 2000, samanborið við 8,4% árið áður. Ávöxtun sjóðsins verður að teljast góð miðað við það sem var að gerast á hlutabréfamörkuðum á árinu, en hlutabréf lækkuðu almennt í verði bæði hér heima og erlendis. Eignasamsetning LSR milli einstakra deilda er afar ólík þar sem A-deild sjóðsins á hlutfallslega mun meira af hlutabréfum en B-deild og skýrir það mismunandi ávöxtun deildanna. Hrein raunávöxtun A-deildar var -1,8% á árinu 2000 en var 15,2% árið á undan. Hrein raunávöxtun B-deildar var hins vegar betri eða sem nam 2,2% á árinu 2000 en var 7,6% árið á undan.

Á árinu 2000 var raunávöxtun innlendra hlutabréfa LSR -7,3%, erlendra hlutabréfa -9,9% og innlendra skuldabréfa 5,5%. Síðustu 3 árin, eða frá því að LSR fékk heimild til fjárfestingar í hlutabréfum, hefur meðaltal raunávöxtunar innlendra hlutabréfa verið 10,7%, erlendra hlutabréfa 16,4% og innlendra skuldabréfa 5,8%. Þrátt fyrir slaka ávöxtun á síðasta ári hefur hrein raunávöxtun LSR verið 5,1% að meðaltali síðustu 5 árin.

Í árslok voru hlutabréf LSR 22% af eignum LSR en voru 16% árið áður, en eignasamsetning einstakra deilda sjóðsins er eins og áður sagði afar mismunandi. Hlutabréf námu 36% af eignum A-deildar í árslok en samsvarandi hlutfall hjá B-deild nam 19%. Eignir LSR skiptast þannig að 82% eru í íslenskum krónum og 19% eru í erlendum gjaldmiðlum. Stefnt er að samskonar eignasamsetningu A- og B-deildar í árslok 2004.

## Rekstrarkostnaður

Á árinu 2000 nam rekstrarkostnaður LSR 88,3 mkr. sem er nánast sama fjárhæð og árið áður. Samanlögð rekstrar- og fjárfestingargjöld voru 137,9 mkr. og hækkuðu þau um 4,2% milli ára. Hækkun fjárfestingargjalda má m.a. rekja til aukins umfangs við eignaumsýslu.

Rekstrarkostnaður nam 0,13% af eignum sjóðsins árið 2000 en var 0,19% af eignum árið á undan.

## Tryggingafræðileg úttekt og hrein eign til greiðslu lífeyris

### A-deild LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar í árslok 2000 var 9,7 ma.kr. miðað við 3,5% ávöxtun á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Hrein eign A-deildar til greiðslu lífeyris í árslok 2000 nam 12,5 mö.kr. en var 8,1 ma.kr. í árslok 1999. Endurmetnar eignir A-deildar í árslok 2000 voru 13,7 ma.kr. eða 41,1% umfram skuldbindingar.

Heildarstaða A-deildar, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og vinni sér inn réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 0,1 ma.kr. eða 0,1% lægri en heildarskuldbindingar hans.

Framlag launagreiðenda til A-deildar er nú 11,5% af heildarlaunum, sem er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins, en miðað er við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldahlutfall launagreiðenda skal endurskoða árlega. Þar sem heildarstaða A-deildar er í jafnvægi þykir ekki rétt að leggja til breytingu á framlagi launagreiðenda að sinni.

### B-deild LSR

Áfallin skuldbinding B-deildar í árslok 2000 var 236,4 ma.kr. miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir, sem jafngildir 3,5% ávöxtun umfram vísitölu neysluverðs, og hækkaði hún um 18,4% á árinu. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga eiga launagreiðendur að standa undir 108,2 ma.kr. af skuldbindingum B-deildar með greiðslu lífeyrishækkana og hækkar sú fjárhæð um 16,7% milli ára. Skuldbindingar sem sjóðurinn á sjálfur að standa undir eru því 128,1 ma.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 63,1 ma.kr. en var 52,8 ma.kr. í árslok 1999, sem er 19,5% hækkun milli ára.

Um síðustu áramót voru gerðir kjarasamningar við bæði grunnskóla- og framhaldsskólakennara sem fólu í sér kerfisbreytingar á þann veg að hluti af aukagreiðslum til kennara var felldur inn í dagvinnulaunin. Þar sem um kerfisbreytingu er að ræða varð að taka tillit til þeirra í úttektinni þó að megnið af henni kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2001. Kerfisbreytingin hefur áhrif á réttindi allra kennara sem eiga réttindi hjá sjóðnum hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri.

Hækkun á áfallinni skuldbindingu sjóðsins í árslok 2000 vegna áhrifa kerfisbreytingar hjá kennurum nam 19,3 ma.kr. og hefði skuldbinding sjóðsins hækkað um 8,7% á milli ára í stað 18,4%, ef ekki hefði verið tekið tillit til hennar.

Eins og fram kom í umfjöllun um iðgjöldin hér að framan hefur ríkissjóður undanfarin 2 ár greitt aukaiðgjöld inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn. Í árslok 2000 námu uppfærðar greiðslur ríkissjóðs 15,5 ma.kr. og innborganir annarra launagreiðenda 243 mkr.

### Alþingismanna- og ráðherradeild

Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs alþingismanna var 3,4 ma.kr. í árslok 2000 og hækkaði um 0,2% á árinu m.v. 2% ávöxtun umfram launahækkanir.

Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs ráðherra var 727 mkr. í árslok 2000 og hækkaði um 4,3% á árinu m.v. 2% ávöxtun umfram launahækkanir.

Skuldbinding þessara deilda LSR fellur að mestu leyti á ríkissjóð þar sem eignir þeirra til greiðslu lífeyris eru óverulegar. Samkvæmt lögum um eftirlaun alþingismanna og ráðherra greiðir ríkissjóður hallann sem verður á deildunum þegar iðgjöld nægja ekki til greiðslu lífeyris.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning eftirfarandi deilda sjóðsins fyrir árið 2000 með undirskrift sinni: A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og S-deild.

Reykjavík, 27. apríl 2001

Stjórn:

Ögmundur Jónasson, stjórnarformaður

Birna Lárusdóttir

Eiríkur Jónsson

Gunnar Björnsson

Maríanna Jónasdóttir

Páll Halldórsson

Sigrún Ásgeirsdóttir

Trausti Hermannsson

Framkvæmdastjóri

Haukur Hafsteinsson

# Áritun endurskoðenda

## Til stjórnar

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og S-deild fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 19. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 2000, efnahag 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 30. apríl 2001



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi



Grétar B. Guðjónsson

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2000

| | Skýr. | Samtals LSR 2000 | Samtals LSR 1999 | A-deild 2000 | A-deild 1999 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 2.069.917 | 1.802.766 | 1.081.989 | 896.795 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 4.368.878 | 3.908.212 | 3.110.498 | 2.605.594 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (3.519) | (18.900) | (1.866) | (319) |
| Lífeyrishækkanir | | 2.705.823 | 2.469.701 | 0 | 0 |
| Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar | 6 | 499.350 | 4.870.665 | 0 | 0 |
| Innb. launagr. inn á skuldbindingar | 7 | 7.865.354 | 6.991.629 | 0 | 0 |
| **Iðgjöld alls** | | **17.505.803** | **20.024.073** | **4.190.621** | **3.502.069** |
| **Lífeyrir** | | | | | |
| Lífeyrir | 8 | 6.333.288 | 5.591.834 | 11.433 | 1.671 |
| Kostnaður vegna örorkumats | | 1.607 | 705 | 49 | 0 |
| **Lífeyrir alls** | | **6.334.894** | **5.592.539** | **11.482** | **1.671** |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | |
| Fjárfestingartekjur af hlutabréfum | 9 | (1.307.873) | 2.044.324 | (342.801) | 726.055 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 10 | 5.254.986 | 4.921.119 | 599.448 | 419.653 |
| Reiknuð gjöld v/verðlagsbreytinga | 2 | (2.700.552) | (2.725.910) | (388.560) | (305.591) |
| **Fjárfestingartekjur alls** | | **1.246.562** | **4.239.533** | **(131.913)** | **840.117** |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 44.424 | 36.074 | 13.847 | 9.650 |
| Vaxtagjöld | | 5.210 | 7.478 | 2.560 | 3.124 |
| Tap af sölu fjárfestinga | | (19) | 596 | 0 | 0 |
| **Fjárfestingargjöld alls** | | **49.616** | **44.147** | **16.407** | **12.774** |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 83.639 | 84.198 | 7.935 | 7.784 |
| Annar kostnaður | | 4.664 | 4.019 | 2.332 | 2.010 |
| **Rekstrarkostnaður alls** | | **88.303** | **88.217** | **10.267** | **9.794** |
| **Önnur gjöld** | | | | | |
| Tapaðar kröfur | 5 | 3.800 | 6.740 | 0 | 0 |
| **Önnur gjöld alls** | | **3.800** | **6.740** | **0** | **0** |
| **Hækkun á hr. eign fyrir matsbreyt.** | | 12.275.752 | 18.531.962 | 4.020.552 | 4.317.947 |
| **Matsbreytingar** | | 2.706.298 | 2.733.467 | 391.433 | 309.370 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 14.982.050 | 21.265.429 | 4.411.985 | 4.627.317 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 61.105.844 | 39.840.415 | 8.065.388 | 3.438.071 |
| **Hrein eign í árslok til gr. lífeyris** | | **76.087.894** | **61.105.844** | **12.477.373** | **8.065.388** |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Sundurliðun niður á deildir sjóðsins

| B-deild | | Alþingismannadeild | | Ráðherradeild | | Séreignardeild | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 1999 | 2000 | 1999 | 2000 | 1999 | 2000 | 1999 |
| 736.225 | 747.410 | 9.493 | 9.542 | 1.426 | 1.189 | 240.783 | 147.829 |
| 1.212.166 | 1.243.591 | 14.240 | 14.313 | 2.140 | 1.784 | 29.834 | 42.930 |
| (1.247) | (18.580) | 0 | 0 | 0 | 0 | (406) | 0 |
| 2.506.210 | 2.295.972 | 173.176 | 150.689 | 26.437 | 23.040 | 0 | 0 |
| 499.350 | 4.870.665 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 7.847.635 | 6.970.669 | 15.366 | 17.708 | 2.353 | 3.253 | 0 | 0 |
| **12.800.338** | **16.109.726** | **212.275** | **192.251** | **32.356** | **29.266** | **270.211** | **190.760** |
| 6.114.501 | 5.411.394 | 180.309 | 155.692 | 26.437 | 23.031 | 607 | 47 |
| 1.557 | 705 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **6.116.059** | **5.412.099** | **180.309** | **155.692** | **26.437** | **23.031** | **607** | **47** |
| (923.535) | 1.298.308 | 0 | 0 | 0 | 0 | (41.536) | 19.962 |
| 4.647.630 | 4.492.924 | 5.679 | 4.755 | 953 | 713 | 1.276 | 3.073 |
| (2.291.942) | (2.413.151) | (2.268) | (1.087) | (388) | (181) | (17.394) | (5.900) |
| **1.432.152** | **3.378.081** | **3.410** | **3.669** | **565** | **532** | **(57.654)** | **17.134** |
| 30.511 | 26.379 | 66 | 44 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2.590 | 4.344 | 0 | 0 | 0 | 0 | 61 | 10 |
| (19) | 596 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **33.082** | **31.319** | **66** | **44** | **0** | **0** | **61** | **10** |
| 73.268 | 74.426 | 1.615 | 1.495 | 334 | 322 | 487 | 172 |
| 2.332 | 2.010 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **75.600** | **76.435** | **1.615** | **1.495** | **334** | **322** | **487** | **172** |
| 3.800 | 6.740 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **3.800** | **6.740** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** |
| 8.003.951 | 13.961.214 | 33.695 | 38.689 | 6.151 | 6.446 | 211.403 | 207.665 |
| 2.294.815 | 2.416.930 | 2.268 | 1.087 | 388 | 181 | 17.394 | 5.900 |
| 10.298.766 | 16.378.144 | 35.963 | 39.776 | 6.539 | 6.627 | 228.797 | 213.565 |
| 52.780.488 | 36.402.344 | 39.776 | 0 | 6.627 | 0 | 213.565 | 0 |
| **63.079.254** | **52.780.488** | **75.739** | **39.776** | **13.166** | **6.627** | **442.362** | **213.565** |

# Efnahagsreikningur 31.12.2000

## Eignir

| | Skýr. | Samtals LSR 2000 | Samtals LSR 1999 | A-deild 2000 | A-deild 1999 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | | |
| Húseign og lóð | 4,11 | 132.713 | 129.159 | 66.356 | 64.580 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 12 | 16.782.416 | 9.259.877 | 4.430.489 | 2.849.887 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 13 | 43.742.099 | 38.522.291 | 4.776.815 | 3.648.465 |
| Veðlán | 13 | 15.344.317 | 11.710.062 | 3.175.355 | 1.224.458 |
| Aðrar fjárfestingar | | 9.347 | 4.582 | 500 | 0 |
| **Fjárfestingar alls** | | **76.010.891** | **59.625.970** | **12.449.515** | **7.787.389** |
| **Kröfur** | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 14 | 431.656 | 544.112 | 120.214 | 93.904 |
| Ýmsar kröfur | | 10.215 | 21.826 | 3.916 | 0 |
| **Kröfur alls** | | **441.872** | **565.938** | **124.130** | **93.904** |
| **Aðrar eignir** | | | | | |
| Rekstrarfjárm. og aðrar efnisl. eignir | 4,11 | 15.420 | 13.158 | 7.710 | 6.579 |
| Sjóður og bankainnistæður | | 317.067 | 1.111.952 | 27.130 | 206.852 |
| **Aðrar eignir alls** | | **332.487** | **1.125.110** | **34.840** | **213.431** |
| **Eignir samtals** | | **76.785.250** | **61.317.018** | **12.608.484** | **8.094.724** |
| **Skuldir** | | | | | |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | | 11.673 | 7.163 | 1.946 | 1.106 |
| **Skuldbindingar alls** | | **11.673** | **7.163** | **1.946** | **1.106** |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | |
| Skuldabréfalán | 15 | 53.595 | 55.370 | 26.797 | 27.685 |
| Aðrar skuldir | 16 | 632.089 | 148.642 | 102.367 | 545 |
| **Viðskiptaskuldir alls** | | **685.683** | **204.012** | **129.165** | **28.230** |
| **Skuldir samtals** | | **697.357** | **211.175** | **131.111** | **29.337** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | **76.087.894** | **61.105.844** | **12.477.373** | **8.065.388** |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | | | | |
| Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. | 18,19 | **108.232.218** | **92.775.249** | | |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Sundurliðun niður á deildir sjóðsins

| B-deild | | Alþingismannadeild | | Ráðherradeild | | Séreignardeild | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2000** | **1999** | **2000** | **1999** | **2000** | **1999** | **2000** | **1999** |
| 66.356 | 64.580 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 11.925.399 | 6.205.145 | 0 | 0 | 0 | 0 | 426.528 | 204.845 |
| 38.945.170 | 34.864.174 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20.113 | 9.652 |
| 12.138.148 | 10.465.139 | 30.815 | 20.465 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 8.847 | 4.582 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **63.083.920** | **51.603.620** | **30.815** | **20.465** | **0** | **0** | **446.641** | **214.497** |
| 311.431 | 449.778 | 11 | 430 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 5.794 | 21.147 | 0 | 0 | 0 | 0 | 506 | 679 |
| **317.225** | **470.924** | **11** | **430** | **0** | **0** | **506** | **679** |
| 7.710 | 6.579 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 230.538 | 878.935 | 45.059 | 18.968 | 13.187 | 6.930 | 1.152 | 267 |
| **238.249** | **885.514** | **45.059** | **18.968** | **13.187** | **6.930** | **1.152** | **267** |
| **63.639.394** | **52.960.058** | **75.885** | **39.864** | **13.187** | **6.930** | **448.300** | **215.443** |
| 9.582 | 5.969 | 124 | 74 | 21 | 13 | 0 | 0 |
| **9.582** | **5.969** | **124** | **74** | **21** | **13** | **0** | **0** |
| 26.797 | 27.685 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 523.761 | 145.917 | 22 | 13 | 0 | 289 | 5.938 | 1.878 |
| **550.558** | **173.602** | **22** | **13** | **0** | **289** | **5.938** | **1.878** |
| **560.140** | **179.570** | **146** | **88** | **21** | **302** | **5.938** | **1.878** |
| **63.079.254** | **52.780.488** | **75.739** | **39.776** | **13.166** | **6.627** | **442.362** | **213.565** |
| **108.232.218** | **92.775.249** | | | | | | |

# Sjóðstreymi 2000

| | Samtals LSR | | A-deild | |
|---|---|---|---|---|
| | 2000 | 1999 | 2000 | 1999 |
| **Fjárfestingar** | | | | |
| Iðgjöld | 17.513.449 | 15.975.611 | 4.164.311 | 3.481.496 |
| Fjárfestingartekjur | 1.835.609 | 1.719.140 | 338.648 | 115.060 |
| Afborganir verðbréfa | 3.604.811 | 2.731.569 | 233.334 | 146.052 |
| Seld verðbréf m/breytilegum tekjum | 217.887 | 49.811 | 131.623 | 0 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 487.445 | 674.782 | 39.156 | 29.905 |
| Aðrar inngreiðslur | 5.247 | 0 | 0 | 0 |
| **Inngreiðslur** | **23.664.449** | **21.150.914** | **4.907.073** | **3.772.513** |
| **Útgreiðslur** | | | | |
| Lífeyrir | 6.306.845 | 5.573.652 | 11.364 | 1.671 |
| Fjárfestingargjöld | 43.262 | 43.228 | 13.864 | 12.178 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 74.489 | 78.654 | 11.934 | 7.779 |
| **Útgreiðslur** | **6.424.596** | **5.695.534** | **37.161** | **21.628** |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | **17.239.853** | **15.455.380** | **4.869.912** | **3.750.885** |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | |
| Kaup á verðbréf m/breytilegum tekjum | 9.069.350 | 5.010.963 | 2.062.513 | 1.444.698 |
| Kaup á verðbréfum m/föstum tekjum | 4.860.556 | 8.329.001 | 1.068.064 | 1.434.759 |
| Ný veðlán og útlán | 4.094.740 | 2.352.887 | 1.915.304 | 805.851 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 10.090 | 7.709 | 3.754 | 3.855 |
| **Ráðstöfun alls** | **18.034.737** | **15.700.560** | **5.049.634** | **3.689.162** |
| **Breyting á handbæru fé** | **(794.885)** | **(245.180)** | **(179.722)** | **61.722** |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.111.952 | 1.357.132 | 206.852 | 145.130 |
| **Handbært fé í árslok** | **317.067** | **1.111.952** | **27.130** | **206.852** |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## Sundurliðun niður á deildir sjóðsins

| B-deild | | Alþingismannadeild | | Ráðherradeild | | Séreignardeild | |
